




Framúrskarandi
fyrirtæki 2023



Framúrskarandi mannauður er mikils virði

Í blaðamennsku er gjarnan talað um að hver einasti einstaklingur eigi mjög merkilega sögu sé kafað nægilega djúpt. Alveg sama hversu einfalt eða venjulegt líf við teljum okkur lífa, öll eigum við einstaka sögu sem getur snert hjarta lesandans. Sögu sem gæti vel ratað í fjölmiðla og snert við fólk sé eftir henni sóst. Í lífssögu hvers og eins megi finna þráð sem eflir samkennd, sem fær fólk til að líta inn á við og tengja eða að minnsta kosti til að skilja. Það sama má segja um fyrirtæki, öll fyrirtæki eiga sér sögu og ef kafað er nægilega djúpt má alltaf finna einhvern þráð sem snertir hjarta lesandans.

Á næstu 88 síðum má lesa brotabrot af sögum íslenskra fyrirtækja. Þetta eru alls konar fyrirtæki en þau eiga það sameiginlegt að vera á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki. Þótt listi Framúrskarandi fyrirtækja, sem birtist hér í blaðinu, virðist óralangur eru í raun sárafá fyrirtæki sem ná þessum magnaða árangri eða bara um 2,5% íslenskra fyrirtækja. Það eitt og sér er afar góður árangur og svo ef skoðuð eru skilyrðin fyrir því að komast á listann, sem má einmitt sjá hér að neðan, gefur það augaleið að það þarf heilmikið til að komast á þennan eftirsóttu lista. Svo er eitt að komast á listann en annað að halda sér á honum.

Fyrirtækin sem fjallað er um í þessu blaði eru eins ólík og þau eru mörg en meðal annars má finna umfjöllun um malbikun, um 101 árs gamalt fyrirtæki sem sinnir nýsköpun af krafti og um hjólaframleiðslu þar sem fjölskyldustemningin ræður ríkjum. Það er þó eitt sem sameinar þessi fyrirtæki og öll hin sem fjallað er um í þessu blaði. Viðmælendur okkar eru allir sammála um að einn stærsti þáttur í því að fyrirtæki verði framúrskarandi sé mannauðurinn.

Það eru ekki bara orðin tórn þegar forsvarsmenn fyrirtækja hrósa mannauðinum því það þarf ekki að lesa margar rannsóknir til að vita að það er mannauður sem fleytir fyrirtækjum áfram. Það þarf ekki annað en að fara í fyrirtæki með góða og hvetjandi fyrirtækjamenningu til að finna andann og stemninguna. Andá samheldni, samkenndar og sigurs. Þennan anda þarf að hlúa að og rækta. Rækta gleðina og fagna sigrum. Rannsóknir sýna nefnilega líka að það eru ekki bara laun sem segja til um starfsánægju heldur sú tilfinning að framlag þitt skipti máli. Að þú finnst að þú skiptir máli hjá fyrirtækinu. Að hlúa að starfsfólki sínu er eitt af mörgu sem framúrskarandi fyrirtæki gera vel en vitanlega þarf fleira til að ná góðum árangri. En það er ekki slæmt að byrja þar.

Að lokum vil ég segja við forsvarsmenn og starfsmenn þeirra 1.006 fyrirtækja sem eru á lista Framúrskarandi fyrirtækja í ár: Innilega til hamingju með þennan frábæra árangur, vel gert!

Svanhvít Ljósbjörg Gígja



Einstök fyrirtækjamening

Helmingur mannkyns kvartar undan því að lélegur svefn hafi áhrif á líf sitt, að sögn Ingvars Hjálmarssonar, framkvæmdastjóra Nox Medical, en fyrirtækið vill hjálpa heiminum að bæta svefnheilsu sína.



Faglegt skólastarf

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólastýra í Ísaksskóla, er þakklát fyrir hvað skólinn hefur fallett orð á sér en margir ætliðir hafa stundað nám við skólann, sem segir meira en þúsund orð.




Tökum ekki of mikla áhættu

Stefán Þór Bjarnason, framkvæmdastjóri Arctic Finance, segir að einfalda leiðin til að halda fyrirtæki réttum megin við núllið sé að afla meiri tekna en félagið eyðir en raunveruleikinn sé oft aðeins flóknari en það.



Frumkvöðlar í nýsköpun

Héðinn hf. hefur ætíð stundað nýsköpun af kappi í 101 ár sem fyrirtækið hefur verið til.



Skynsemin ræður för

Það sem hefur einkennt árangursríkan rekstur Arnarins í gegnum tíðina er skynsemi.

Hvað gerir fyrirtæki framúrskarandi?

Framúrskarandi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að vera stöðug fyrirtæki sem byggja rekstur sinn á sterkum stöðum og efla hag allra. Til þess að teljast framúrskarandi þurfa fyrirtækin að uppfylla ströng skilyrði sem eru listuð hér fyrir neðan.

- Fyrirtækið er í lánshæfisflokkum 1-3
- Ársreikningi skal skilað lögum samkvæmt eigi síðar en átta mánuðum eftir uppgjörsdag. Tekið verður tillit til allra opinberra framlenginga RSK á skilafresti
- Fyrirtækið er virkt skv. skilgreiningu Creditinfo
- Rekstrartekjur að lágmarki 55 milljónir króna reikningsárið 2022 og a.m.k. 50 milljónir króna 2021 og 2020
- Fyrirtæki með rekstrartekjur yfir 5 milljarða króna þurfa að fylla út spurningalista um sjálfbærni
- Framkvæmdarstjóri skráður í fyrirtækjaskrá RSK
- Rekstrarhagnaður (EBIT) > 0 reikningsárin 2020-2022
- Jákvæð ársniðurstaða reikningsárin 2020-2022
- Eiginfjárlutfall a.m.k. 20% reikningsárin 2020-2022
- Eignir að minnsta kosti 110 milljónir króna reikningsárið 2022 og a.m.k. 100 milljónir króna 2021 og 2020

Creditinfo áskilur sér rétt til að fjarlægja fyrirtæki tímabundið af lista, svo sem vegna opinberra rannsókna sem geta haft stórfelld áhrif á fyrirtækið.

SUZUKI 4X4

ÞAÐ ER ALLTAF SUZUKI VEÐUR

KOMDU
Í HEIMSÓKN
OG KYNNTU
ÞÉR ÚRVALIÐ



ACROSS GLX 4X4 **HYBRID**
PLUG IN HYBRID

Verð kr.
9.960.000



JIMNY 4X4

Verð kr.
4.890.000



S-CROSS 4X4 **HYBRID**
STRONG HYBRID

Verð frá kr.
6.980.000



SWIFT 4X4

Verð frá kr.
4.350.000



VITARA 4X4 **HYBRID**
STRONG HYBRID

Verð frá kr.
6.790.000



IGNIS 4X4

Verð kr.
4.570.000

ALLGRIP
PRO

4WD All-grip skapar aksturseginnleika í sérflokk.

SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

Fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.

Suzuki 4x4 fyrir veturinn og öryggið.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvelli: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Gott atvinnulíf grundvöllur fyrir hagvöxt

Fyrrir fjórtán árum hóf Creditinfo að velja íslensk fyrirtæki á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki að undangengnum fjölda skilyrða og síðan þá hefur það orðið keppikefli margra fyrirtækja að komast á listann. Það gerist sjaldnast af sjálfu sér enda komast eingöngu um 2,5% allra fyrirtækja á listann að sögn Hrefnu Sigfinnsdóttur framkvæmdastjóra Creditinfo. „Í ár er listinn örlítið breyttur frá því í fyrra og til að mynda eru 1.006 félög á listanum í ár samanborið við 932 félög í fyrra. Það er því fjölgun í ár sem er gaman að segja frá. Það eru 148 félög sem eru alveg ný og hafa aldrei áður verið á listanum og að sama skapi er 121 félag sem datt út á milli ára. Það er í raun engin ein ástæða fyrir því að þau detta út en algengasta ástæðan er ársniðurstaðan og rekstrarhagnaðurinn,“ segir Hrefna og bætir við að hafa beri í huga að hér sé hún að tala um rekstur fyrirtækja árið 2022.

„Svo eru um 55 fyrirtæki sem hafa alltaf verið á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki, sem er sérstaklega góður árangur. Á listanum í ár eru hlutfallslega færri ferðaþjónustufyrirtæki, smásölufyrirtæki og sjávarútvegsfyrirtæki en áður. En ef við berum saman ársreikningsstærðirnar á milli ára þá sjáum við að meðalhagnaður fyrirtækja á listanum var 11% lægri árið 2022 en hann var árið 2021. Á sama tíma lækkaði miðgildi hagnaðar um 4%. Það bendir til að vægi þeirra sem hagnast mest hafi aukist milli ára.“

Mikilvæg vottun

Hrefna talar um að það hafi mjög mikla merkingu fyrir fyrirtæki að komast á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki og það getur haft jákvæð áhrif á reksturinn. „Til að mynda hefur vottun Creditinfo jákvæð áhrif á starfsöryggi í fyrirtækjum og hún getur leidd að nýtt starfsfólk en flestir vilja vinna hjá fyrirtæki sem gengur vel og er með rekstraröryggi. Vottunin getur líka skipt sköpum upp á aðgengi að fjármagni bæði frá birgjum og líka frá bönkum. Svo vitum við til þess að fyrirtæki hafa getað nýtt sér þessa vottun til að ná sér í nýja birgja erlendis og efla viðskiptasambönd við núverandi birgja.

Ég veit líka um eina mjög góða sögu af stóru heildsölufyrirtæki sem varð fyrir algjöru höggi í sjóðsstreymi út af gjaldeyrishöftum í kjölfar efnahagskransins. Bankarnir voru ekki farnir að opna á ábyrgðir aftur eins og fyrir hrun og þá sýndi þetta fyrirtæki bara Framúrskarandi vottunina frá Creditinfo og komst aftur af stað mikið fyrr en margir aðrir,“ segir Hrefna og bætir við að það geri heimikið fyrir stemningu á vinnustað þegar fyrirtæki fær rammann frá Creditinfo og það má sjá svona ramma



Hrefna Sigfinnsdóttir framkvæmdastjóri Creditinfo talar um að það hafi mikla merkingu fyrir fyrirtæki að komast á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki og hafi jákvæð áhrif á reksturinn.

hangandi uppi á mörgum vinnustöðum sem hafa vottunina.

Ekki alltaf skráður framkvæmdastjóri

Aðspurð hvað sé mælikvarði á góðan rekstur segir Hrefna að lengi hafi verið horft á hvernig láns hæfi fyrirtæki sé með en það geti Creditinfo séð í grunni sínum. „Svo er mikilvægt að hafa skilað ársreikningum á réttum tíma, að fyrirtækið sýni ábyrgð og fari að lögum og eins að það sé skráður framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu. Það kom mér svolítið á óvart að það er alls ekki alltaf. Með því að veita þessa vottun þá höfum við kannski ýtt á að fyrirtæki skrái hjá sér framkvæmdastjóra og skili ársreikningi á réttum tíma. Svo er best að vera auðvitað búin/n að sýna og sanna að þú hafir burði, að fyrirtækið sé búin að reka sig jákvætt í að minnsta kosti þrjú ár og sé komið með ákveðna lágmarksveltu eða í kringum 55 milljónir.

Þegar horft er til þess hvort fyrirtæki sé framúrskarandi þá er líka horft á skuldir, að fyrirtæki sé ekki of skulsett því við vitum hvað það getur verið hættulegt að vera með alltof miklar skuldir á efnahagsreikningnum.

Ef það kemur smá samdráttur getur það verið neikvætt þannig að við gerum ráð fyrir að eiginfjárlutfallið sé allavega 20% og að það séu líka komnar eignir inn á efnahagsreikninginn, 110 milljónir hefur verið viðmiðið hjá okkur.

En svo þegar maður tekur loftmyndina á þetta allt saman og fer að hugsa um hvað það er að vera virkilega framúrskarandi þá er það líka að vera í góðu sambandi við sitt nærumhverfi, að fyrirtækið sé ekki að brjóta lög eins og jafnréttislög, að komið sé vel fram við starfsfólkið og þess háttar en það skiptir líka máli. Og sömuleiðis að það séu ekki einhverjar stórfelldar lögreglurannsóknir á fyrirtækinu.“

Vera sem áætla sjálfbærni

Hrefna viðurkennir fúslega að það geti verið erfitt fyrir Creditinfo að ætla að vera dómari og meta svona huglega þætti en þau hafi komið með góða lausn. „Við ákváðum að leysa þetta á ákveðinn hátt og okkur fannst rétt að byrja á stórum fyrirtækjum þannig að fyrir tveimur árum ákváðum við að beina sjálfbærnisþurningum, spurningum um umhverfismál, félagslegu þættina og stjórnarhættina til stærstu fyrirtækja landsins. Þá horfðum við

á fyrirtæki sem veltu meira en tóu milljörðum af því að yfirleitt eiga stór fyrirtæki meira af þessum upplýsingum. Þetta er því smá hvati og síðan sjáum við að sjálfbærniúðurinn er á fleygiferð þannig að það eru fleiri og fleiri fyrirtæki sem eiga þessar upplýsingar þannig að við ákváðum í ár að beina spurningunum til fleiri aðila. Nú erum við að spyrja öll fyrirtæki sem velta meira en fimm milljörðum þannig að við fjölguðum mjög í flokknum sem þurfti að svara þessum spurningum.

Við sjálf reukum svo fjölmiðlavakt þannig að við getum líka séð ef það er eitthvað á lokametrunum sem er mjög erfitt fyrir samfélagið að kyngja sem framúrskarandi, þá höfum við leyft okkur að kippa út fyrirtækjum á síðustu stundu. Þetta getur alveg verið tvíþent og örugglega smá umdeilt en við erum að reyna að gera þetta eins faglega og við getum. Og bráðum munum við gera þessar kröfur á öll íslensk fyrirtæki og við erum sjálf búin að áætla þessar upplýsingar fyrir öll íslensk rekstrarfélög með nýrri vöru sem við köllum Veru. Þar má sjá helstu sjálfbærniupplýsingar fyrir öll íslensk fyrirtæki sem eru í virkum rekstri. Og þótt fyrirtækin séu litil þá erum við samt búin að áætla þessa hluti nokkuð nákvæmlega út frá gögnum sem við erum með. Atvinnugreinar í nágrannalöndunum eru mjög svipaðar þannig að við gátum keypt nokkuð stórt gagnasett til þess að koma með grófa áætlun um gögn eins og kolefnislosun en síðan geta fyrirtækin svarað nokkrum spurningum og þá eru upplýsingarnar orðnar nákvæmari. Þannig munum við leysa vanda sem mun raungerast núna á næstunni því að það eru komin ný lög um þessa þætti.“

Atvinnumenn í atvinnulífnum

Þann 25. október verður haldin gleðihátíð, eins og Hrefna orðar það, í Hörpu til að fagna þessum frábæra árangri með fyrirtækjunum sem eru á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki í ár. „Við eigum von á yfir þúsund manns og þetta verður algjör hátíð. Forsvarsmenn fyrirtækja mæta og taka oft með sér lykilstarfsmenn. Segja má að þetta sé uppskeruhátíð fyrir góðan rekstur. Við sem þjóð erum ofboðslega dugleg að beina sjónum að því sem er neikvætt en allavega þarna í heilan dag erum við eingöngu að beina sjónum að því sem er jákvætt. Það er grundvöllur fyrir hagvöxt að við reukum hérna blómlegt atvinnulíf. Ég held líka að það geti verið hvatning að skoða svona lista fyrir fólk sem ætlar sér að stofna fyrirtæki því á listanum er heimikið af göðum fyrirmyndum. En dagurinn verður góður hvort heldur sem er og ég hlakka til að taka á móti þessum atvinnumönnum í atvinnulífnum.“


svanhvit@mbl.is

**TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
FRÁ 1998**

FRAMÚRSKARANDI FRÁ UPPHAFI



VEIÐIHORNID



SÍÐUMÚLA 8
108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 8410
VEIÐIHORNID.IS



Nox Medical

Ingvar
Hjálmarsson



Ingvar Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Nox Medical, segir mörg tækifæri fólgin í framtíð fyrirtækisins.

Við erum bara rétt að byrja


Við ætlum okkur að hjálpa heiminum að sjá hvernig góð svefnheilsa getur verið hluti af svarinu við hækkandi kostnaði heilbrigðiskerfa. Sérstaklega þegar kemur að langvinnnum sjúkdómum eins og hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki 2 og öðrum sambærilegum heilsufarskvillum,“ segir Ingvar Hjálmarsson, framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Nox Medical.

Nox Medical er íslenskt hátæknifyrirtæki sem þróar og framleiðir lækningatæki og aðrar tæknilausnir til svefnrannsóknna. Fyrirtækið var stofnað árið 2006 af fræknum hópi fólks sem sá tækifæri á markaðnum og sköpuðust fyrirtækinu ófá sóknarfæri þegar fyrsta varan var sett á markað árið 2009. Ekkert lát virðist vera á því enda er Nox Medical leiðandi í þróun og framleiðslu á svefnheilbrigðislausnum á heimsvísu og veltir milljörðum á ári hverju. Að sögn Ingvars hafa tekjur Nox Medical margfaldast frá upphafsárunum til dagsins í dag og nálgast nú 5,5 milljarða á þessu ári, samanborið við 4,5 milljarða á því síðasta.

Leiðandi á alþjóðamarkaði

„Fyrsta varan fór strax í alþjóðlega dreifingu. Tveimur árum seinna hófst svo uppbygging á alþjóðlegu dreifikerfi og í kjölfarið hófst gríðarlegur tekjuvöxtur. Fyrirtækið tók svo yfir dreifingu á lækningatækjum til svefnrannsóknna í Bandaríkjunum árið 2019 og sameinaðist systurfyrirtæki sínu, FusionHealth. Í kjölfar þeirrar sameiningar varð Nox Health til sem er í dag alþjóðlegur risi í svefnrannsóknnum,“ lýsir hann vegferðinni og bætir við:

„Þó svo að Nox hafi náð miklum árangri síðastliðin ár þá erum við varla byrjuð. Helmingur mannkyns kvartar undan því að lélegur svefn hafi áhrif á líf þeirra. Milljarðar manna þjást af kæfisvefni, svefnleysi, fótáóeirð eða öðrum svefnjúkdómum og Nox



Ljósmynd/Rut Sigurðardóttir

Nox Medical hefur skapað sér mikla sérstöðu á sviði lækningatækja til svefnrannsóknna.

hefur ríka skyldu til að þróa tækni og lausnir til að hjálpa þessu fólki,“ segir hann en í dag er Nox Medical starfrækt sem ein af rekstrareiningum Nox Health með starfsstöðvar hér á landi.

Aukin þekking skilar afrakstri

Ingvar segir sérstöðu Nox Medical liggja í þeirri verulegu þekkingu sem fyrirtækið býr yfir, sterkum markaðsaðgangi og leiðandi vörum. Meðal þess sem Nox Medical þróar og framleiðir eru mælitæki, hugbúnaður, skýjalausnir og gervigreind sem notuð er í samstarfi við heilbrigðisstarfsfólk til að greina svefnraskanir og sjúkdóma.

„Við byggjum á mikilli þekkingu í lífeðlisfræði, tækni- og verkfræði, sterkum markaðs-

aðgangi og getu til að koma lækningabúnaði á markað. Nákvæmni mælitækja og gæðin í greiningarlausnum eru einstakir kostir og ekki síst hversu notendavænar lausnirnar okkar eru.“

Spurður út í framtíðarsýn fyrirtækisins segir Ingvar hana mjög skýra. Mörg teikn séu á lofti hjá Nox Medical sem mörg hver lúta að því hvernig nýta megi tækni til að bæta fyrirkomulag heilbrigðiskerfa víðs vegar um heim.

„Í samstarfi við lækna og heilbrigðisstarfsfólk um allan heim þá sjáum við fyrir okkur að tæknin frá Nox haldi áfram að hjálpa tugum milljóna manna á næstu árum. Frá stofnun höfum við átt þátt í að hjálpa 10 milljónum manna – en við erum bara rétt að byrja,“ segir hann ákveðinn.

Fjárfest í innviðum fyrirtækisins

Að sögn Ingvars hefur hagnaður Nox Medical gert fyrirtækinu kleift að auka við eigin innviðafjárfestingar. Slíkar fjárfestingar geta leitt af sér dómínóáhrif og aukið tekjur með markvissum hætti.

„Fyrirtæki sem hugsa til lengri tíma þurfa að geta gert fjárfestingar sem geta borgað sig yfir lengri tímabil. Þegar slíkar ákvarðanir eru teknar þarf oft að hafa kjark og skýra sýn. Við höfum séð mikinn tekjuvöxt síðustu ár og fjárfest í innviðum félagsins á sama tíma,“ segir Ingvar.

„Fjárfesting okkar í rannsóknnum og þróun hefur verið umtalsverð allt frá stofnun. Með stöðugri fjárfestingu hefur fyrirtækið verið samkeppnishæft í samanburði við önnur alþjóðleg fyrirtæki. Við höfum reglulega náð að gefa út nýjar lausnir og þar með aukið hagnaðinn, yfir langan tíma. Burðugt stuðningsumhverfi íslenskra hugvitsfyrirtækja er þar lykilástæða,“ segir hann jafnframt og bendir á hve mikilvægt íslenskt endurgreiðslukerfi rannsóknar- og þróunarkostnaðar er fyrir vöxt hugverka- og tæknifyrirtækja.

„Með þessum hætti geta slíkir fyrirtæki vaxið yfir langan tíma og þannig skilað miklu í þjóðarþúið.“

Öflug líðsheild aðalstyrkleikinn

„Síðastliðin átta ár hefur Nox Medical verið á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki. Þegar Ingvar er inntur eftir svörum hvers vegna Nox Medical hafi komist á lista svo mörg ár í röð stendur ekki á svarinu.

„Hið augljósa svar er hin framúrskarandi líðsheild sem myndar fyrirtækið. Þetta öfluga fólk sem kemur saman og vinnur sigra sem öðrum gætu þótt ómögulegir. Okkar fyrirtækjamenning skilar sér í framúrskarandi árangri ár eftir ár.“ *asthildur@mbl.is*

dagur

Verkefnafundur

Controlant, 9:12

Framúrskarandi alla daga

Við erum stolt af því að vera framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo

Við trúum því að öruggt og aðlaðandi umhverfi sé grundvöllur verðmætari vinnuviku fyrir starfsfólk og samfélagið allt. Þess vegna leggjum við metnað í að búa til nærandi umhverfi fyrir fyrirtæki og stofnanir framtíðarinnar. Þannig tókum við þátt í að gera alla daga framúrskarandi.



Ísaksskóli

Sigríður Anna
Guðjónsdóttir



Sigríður Anna Guðjónsdóttir hefur sinnt starfi skólastjóra Ísaksskóla frá árinu 2009.

Góð aðsókn í skólann ár eftir ár

Ég er svo þakklát fyrir það hvað skólinn hefur fallett orð á sér," segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólastýra í Ísaksskóla. „Hér hafa margir ættliðir stundað nám við skólann og það segir meira en þúsund orð," segir hún stolt.

Skóli Ísaks Jónssonar er sjálfseignarstofnun sem hefur verið starfandi í 97 ár eða frá árinu 1926. Í dag starfar 55 manna starfshópur við skólann sem hefur frá upphafi einsett sér að mennta börn á yngsta menntunarskólunum en einnig elstu börn á leikskólastigi.

„Skólinn fer í einu og öllu eftir almennum grunnskólalögum og er aðalnámskrá grunnskóla okkar leiðarljós við gerð skólanámskrár," segir Sigríður Anna en Ísaksskóli er ætlaður börnum á aldrinum fimm til níu ára.

Faglegt skólastarf

„Meginmarkið skólans er að vera ávallt í fremstu röð grunnskóla á Íslandi fyrir yngsta aldurstigið. Það er mikill metnaður lagður í kennslu í íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði en auk þess er rík áhersla lögð á tónlist, myndlist, íþróttir og útiveru. Svo er kennd enska frá fimm ára aldri og spænska frá sex ára," segir hún.

„Ísaksskóli býr að því að hafa haft gott starfsfólk sem hefur drifið áfram fallett skólastarf í gegnum tíðina. Faglegur metnaður er í hávegum hafður og skólastarfinu þar sem stefnan er að mæta börnunum þar sem þau eru stödd og leiða þau áfram í átt til aukinnar færni og þroska með markvissum hætti."

Stórum bekkjardeildum haldið í skefjum

Ísaksskóli er starfræktur í um 2.000 fermetra húsnæði í Bólstaðarhlíð og hefur aðsókn í skólann sjaldan verið meiri. Orðsporðið er



Skólastarf Ísaksskóla byggist á gömlum gildum. Þar er börnunum mætt á þeim stað þar sem þau eru.

fjöggeg skólans og kys kynslóð eftir kynslóð að sækja um skólavist fyrir börn sín í Ísaksskóla af væntumþykju við skólastarfið sem þar fer fram.

„Skólinn er fullsetinn og hefur verið það ár eftir ár. Það eru 260 börn í skólanum núna og langflest þeirra eru í frístund líka þannig að frístundaheimilið okkar er eitt stærsta frístundaheimili borgarinnar," segir hún og bendir á að reynt sé að sporna við flennistór-um bekkjardeildum í Ísaksskóla svo að gildismati skólans sé viðhaldið og missi ekki marks. „Við erum vel mönnuð og erum hér fyrir

yfirleitt takast þrátt fyrir að ýmsar áskoranir kunnir að koma upp í skólaumhverfi Ísaksskóla líkt og í öðrum skólum sem aðallega stafi af breytingum sem hafa átt sér stað í samfélaginu síðustu ár.

„Skólastarfið hefur breyst rosalega mikið á þessari öld. Skóladagur barna er orðinn mjög langur, lengri en áður tíðkaðist, og þess vegna þurfum við enn frekar að tryggja nemendum vellíðan á vinnustaðnum sínum, sem er skólinn og frístundaheimilið."

Framúrskarandi í sex ár

„Hér er hugsað vel um hverja krónu. Reksturinn er vel vaktaður frá mánuði til mánaðar þannig að við getum alltaf vítað hvar við erum stödd. Hér er ekki mikill stjórnunarkostnaður eða mikil starfsmannavelta. Í því liggja ákveðin verðmæti," segir Sigríður Anna sem hefur tekist að halda rekstri Ísaksskóla í góðu jafnvægi síðasta áratuginn og jafnframt verið á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki síðan 2018.

Hún segir samstarfið við Reykjavíkurborg og nágrannasveitarfélög hafa batnað verulega á liðnum árum og sé það nánast hnökralaust í dag. Gott samstarf þarna á milli, jafnt sem gott samstarf milli heimila og skóla, segir Sigríður Anna geta skipt sköpum fyrir árangursríkan rekstur.

„Foreldrar hafa staðið sig með mikilli þryði. Það heyrir nú til undantekninga að rukka ógreidd gjöld sem þarf að innheimta," lýsir hún.

„Lykillinn að velferðinni er að fara vel með það fé sem kemur hingað inn og sníða sér stakk eftir vexti hverju sinni. Það er ekki alltaf auðvelt að reka sjálfstætt starfandi skóla en það er vel hægt." asthildur@mbl.is

börnin. Hér þekkja allir sín hlutverk og við siglum öll í sömu átt, hvort sem um kennara eða nemendur er að ræða. Í skólanum er lögð áhersla á að kenna nemendum öguð vinnubrögð og að þeim líði vel í eigin vinnuumhverfi. Það er stórt atriði fyrir okkur," segir Sigríður Anna sem sér um rekstur skólans sem er samrekin leik- og grunnskóli og frístundaheimili.

Skólastarfið breyst mikið með tímanum

Að sögn Sigríðar Önnu er mikilvægt að nemendur skólans fari teinréttir í baki út í lífið að loknu námi við Ísaksskóla. Það segir hún

Sveppir

framúrskarandi gæði.



Borðu þá ferska í salati, skorna þversum eða langsum, fyllta og grillaða eða smjörsteikta á pönnu í rjóma.



Topp 10 m.v. skattgreiðslur eftir landshlutum

Austurland

Nafn	Tekju- og eignaskattar
Síldarvinnslan hf.	2.530
Eskja hf.	1.206
P.S. Verktakar ehf.	68
Launafli ehf.	51
MVA ehf.	51
Myllan ehf.	41
Eskja Sales & Export ehf.	40
Egersund Ísland ehf.	35
Sigurður Ólafsson ehf.	20
Nestak ehf., byggingaverktaki	18

Norðurland eystra

Nafn	Tekju- og eignaskattar
Búfesti hsf.	285
GPG Seafood ehf.	182
Sæplast Iceland ehf.	78
Hlaðir ehf.	63
Trétak ehf.	56
G.V. Gröfur ehf	48
Mýflug hf.	48
ÍV sjóðir hf.	41
Kælismiðjan Frost ehf.	39
Dekkjahöllin ehf.	35

Suðurland

Nafn	Tekju- og eignaskattar
Ísfélag hf.	1.669
Vinnslustöðin hf.	711
Ós ehf.	136
Auðhumla svf.	120
JÁVERK ehf.	116
Set ehf.	110
Fossvélar ehf.	96
Bergur-Huginn ehf.	84
Þjótandi ehf.	82
Hótel Geysir ehf.	67

Vestfirðir

Nafn	Tekju- og eignaskattar
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.	212
Oddi hf.	69
Pórsberg ehf.	43
Kubbur ehf.	28
Steypustöð Ísafjarðar ehf.	18
Arctic Smolt ehf.	15
Potan ehf	15
A.Ó.A.útgerð hf.	13
Snerpa ehf.	9
GÓK húsasmíði ehf	6

Höfuðborgarsvæði

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Nafn	Tekju- og eignaskattar
Landsvirkjun	24.346
Eimskipafélag Íslands hf.	3.094
Brim hf.	3.004
Marel hf.	2.485
Heimstaden ehf.	2.016
Búseti húsnæðissamvinnufélag	2.004
Eik fasteignafélag hf.	2.003
Össur Iceland ehf.	1.921
Össur hf.	1.841
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	1.173

Norðurland vestra

Nafn	Tekju- og eignaskattar
Kaupfélag Skagfirðinga (svf.)	1.072
FISK-Seafood ehf.	546
Steinull hf.	65
Dögun ehf.	47
Vörumiðlun ehf.	36
Nesver ehf.	28
Ölduós ehf.	26
Friðrik Jónsson ehf.	22
Sláturhús KVH ehf.	9
K-Tak ehf.	9

Suðurnes

Nafn	Tekju- og eignaskattar
Porbjörn hf.	377
Vísir ehf.	182
Stemming ehf.	152
HS Veitur hf.	127
ICE-GROUP ehf.	118
Einhamar Seafood ehf.	89
Royal Iceland hf.	62
Ísver ehf.	55
Lagnir og þjónusta ehf.	43
AG-seafood ehf.	34

Vesturland

Nafn	Tekju- og eignaskattar
Límtré Vírnet ehf.	198
Hraðfrystihús Hellissands hf.	162
Leigufélagið Bríet ehf.	143
Sementsverksmiðjan ehf.	84
KG Fiskverkun ehf.	61
Borgarverk ehf.	57
Þróttur ehf.	55
Steinunn ehf.	44
Útnes ehf.	44
Ragnar og Ásgeir ehf.	35


FRAMÚRSKARANDI FYRIR VISTVÆNNI FRAMTÍÐ

Við erum stolt af því að vera í hópi framúrskarandi fyrirtækja. Sameiginlegur drifkraftur okkar til árangurs er að bjóða upp á vistvænni steypu í mannvirkjagerð og leggja þannig okkar á vogarskálarnar til að minnka kolefnissporið í greininni.



**Framúrskarandi
fyrirtæki 2023**

Hlutfall helstu atvinnugreina meðal Framúrskarandi fyrirtækja 2010-2023



Framúrskarandi fyrirtæki sem greiddu hæstu skatta á rekstrarárinu 2022

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna



Nr.	Nafn	Tekju- og eignaskattar
1	Landsvirkjun	24.346
2	Eimskipafélag Íslands hf.	3.094
3	Brim hf.	3.004
4	Síldarvinnslan hf.	2.530
5	Marel hf.	2.485
6	Heimstaden ehf.	2.016
7	Búseti húsnæðissamvinnufélag	2.004
8	Eik fasteignafélag hf.	2.003
9	Össur Iceland ehf.	1.921
10	Össur hf.	1.841
11	Ísfélag hf.	1.669
12	Eskja hf.	1.206
13	Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	1.173
14	Landsnet hf.	1.144
15	Kaupfélag Skagfirðinga (svf.)	1.072
16	Hagar hf.	982
17	Búmenn hsf.	963
18	Festi hf.	854
19	Reginn hf.	787



Framúrskarandi
fyrirtæki 2017-2023

**HVER SEM
HUGMYNDIN
ER ÞÁ ÆTLUM
VIÐ AÐ GERA
ÞETTA SAMAN**



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Verkstæði Svans

Svanur Hallbjörnsson



Svanur Hallbjörnsson hefur haft nóg að gera frá því hann stofnaði Verkstæði Svans árið 2017 en sjálfur hefur hann starfað sem bifvélavirki í 37 ár.

Oft mikið hark að starfa í greininni

Verkstæði Svans á Egilsstöðum er í fyrsta sinn í ár á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki. Svanur Hallbjörnsson, bifvélavirki og eigandi verkstæðisins, segist í fyrstu hafa orðið hissa þegar honum var tilkynnt um vottunina.

„Þetta var bara eitthvað sem gerðist. Ekki endilega eitthvað sem við stefndum að. Engu að síður eru þetta mjög ánægjulegar fregnir og ekki laust við að maður sé svolítið stoltur af þessu. Manni hlýnar alla vega alveg aðeins um hjartaræturnar,“ segir Svanur glaður í bragði.

Mikilvægt að klára verkin sama hvað klukkan slær

Verkstæði Svans var stofnað í upphafi árs 2017. Þrátt fyrir að lífaldur fyrirtækisins sé ekki ýkja langur segist Svanur þekkja verkstæðisgeirann jafn vel og handarbakið á sér.

„Ég er búinn að lifa og hrærast í þessum bransa í 37 ár og reyni að halda þessu gangandi með því að sinna því sem þarf að sinna og hafa verkstæðið opið. Mér finnst margir í þessum bransa vera með allt of stutta vinnudaga á helstu álagstímum. Því það er svo skemmtilegt að vera í miðri hringiðunni, eða það finnst mér,“ segir hann. „Við horfum ekki mikið á klukkuna og bíðum eftir að hún verði eitthvað ákveðið. Við vinnum verkin þar til þau eru búnin. Það er kannski það sem gerir það að verkum að við skörum fram úr,“ segir Svanur. „Þessi iðngrein litast oft af miklu harki.



Á Verkstæði Svans eru verkin unnin þar til þeim er lokið, óháð því hvað klukkan slær.

Rekstur á fyrirtæki er líka mikil vinna og langt því frá að maður geti gengið um á bleiku skýi þegar maður ætlar sér að reka fyrirtæki með almennilegum hætti.“

Verkefni af fjölbreyttum toga

Verkstæði Svans er umboðsaðili fyrir Quality Tractor Parts hér á landi og sérhæfir sig í alhlöða viðgerðum á landbúnaðar- og dráttarvélum. Ásamt því er verkstæðið með þjónustu-

og söluumboð á Austurlandi fyrir Kraftvélur sem býður upp á tvö þekktustu vörumerkin í bransanum; Case og New Holland, og einnig heyrinnuvelar frá Pöttinger.

„Verkstæði Svans fæst aðallega við almennar viðgerðir og tækjaviðgerðir en aðaláherslan er á landbúnaðar- og dráttarvélur. „Við vinnum mikið fyrir verktaka í hinum ýmsu greinum en líka Vegagerðina, Rarik og Landsnet. Á sumrin er gríðarlegt álag hjá okkur því þá

bætist almenningur við og eru það þá aðallega ferðamenn sem leita til okkar,“ segir Svanur.

Barátta um þá bestu í bransanum

Hjá verkstæði Svans starfar þrautreyndur hópur starfsmanna sem eru sjö talsins. Svanur segist þakklátur sínum mönnum fyrir velviljann og dugnaðinn í gegnum tíðina.

„Hér starfa fimm reyndir viðgerðarmenn, einn sem sér um innflutning á varahlutum og með mér í þessu er eiginkonan sem er rekstrarfræðingur að mennt og hefur frá upphafi séð alfaríð um bókhaldið.“

Að sögn Svans tókast það innan iðngreina að fólk flakki á milli starfa sem því býðst.

„Ég hef misst marga góða menn og sé eftir þeim öllum. Í þessum bransa eiga menn það til að vera svolítið sveimhuga og sérstaklega hér á Austurlandi, þar sem atvinnuleysi er varla nokkurt, þá er bara barátta um bestu mennina. Sérstaklega þegar maður hefur átt sinn þátt í að gera menn sýnilega færa í faginu, þá byrja önnur fyrirtæki fljótt að djöflast.“

Svanur sá sér leik á borði hvað starfsmannaveltu varðar og hefur verið með nokkur ungmenni í vinnu hjá sér síðustu sumur sem hann hefur hlotið mikið gagn af.

„Mér finnst mjög mikilvægt að vekja áhuga á greininni á meðal yngri kynslóðarinnar. Þau eru fljót að ná undirstöðuatriðunum og eiga skilið að fá tækifæri á vinnumarkaðnum.“
asthildur@mbl.is



2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023

Framúrskarandi sex ár í röð

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu þjóðarinnar. Hlutverk okkar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi.



Deloitte

Þorsteinn Pétur
Guðjónsson



„Stefna okkar snýr líka að því að vera leiðandi á markaðnum og þar eru þrjár grunnstoðir sem við horfum helst til. Það er starfsfólkið, viðskiptavinir og samfélagið sem við öll tilheyrum. Forsenda þess að ná árangri er að hlúa að þessum þáttum.“

Framúrskarandi fólk hjá Deloitte

Við erum auðvitað stolt af að tilheyra flokki framúrskarandi fyrirtækja og er sú viðurkenning merki um þá miklu og góðu vinnu sem okkar fólk leggur til á degi hverjum og hefur skilað sér í góðum árangri fyrir Deloitte,“ segir Þorsteinn Pétur Guðjónsson forstjóri Deloitte. „Að vera framúrskarandi fyrirtæki er afrakstur margra þátta og til dæmis höfum við haft skýra stefnu og markmið sem byggjast á gildum Deloitte. Stefna okkar snýr líka að því að vera leiðandi á markaðnum og þar eru þrjár grunnstoðir sem við horfum helst til. Það er starfsfólkið, viðskiptavinir og samfélagið sem við öll tilheyrum. Forsenda þess að ná árangri er að hlúa að þessum þáttum,“ segir Þorsteinn og bætir við að Deloitte geri það svo sannarlega og ekki eingöngu í orði heldur líka á borði.

„Við höfum lagt mikið upp úr því að láta gott af okkur leiða og til að mynda býðst starfsfólki okkar að nýta einn dag á ári til góðra verka úti í samfélaginu. Síðan tókum við þátt í mörgum góðum verkefnum eins og að Rampa upp Ísland með Haraldi Þorleifssyni en við höfum stutt það verkefni frá upphafi. Mér finnst mikilvægt að við látum gott af okkur leiða í samfélaginu og við gerum það í reynd.“

Breið sérfræðiþekking innan Deloitte

Aðspurður hverjir séu helstu styrkleikar Deloitte segir Þorsteinn að hann leyfi sér að fullyrða að Deloitte sé frábær staður fyrir fólk að vaxa og dafna. „Við leggjum mikla áherslu á þekkingaröflun og þjálfun starfsfólksins auk þess að gefa fólki andrými til að finna sinn stað hjá okkur. Það eru miklir möguleikar til starfs-



„Í Deloitte byggist þetta mikið á traustu viðskiptasambandi og samskiptum við fólk með okkar, hvernig við miðlum ráðgjöf og þekkingu og hlustum á þarfir og áskoranir viðskiptavina.“

þróunar enda vinnum við mikið þvert á sviði til að ná sem bestum árangri fyrir viðskiptavinum okkar. Það er þessi breiða sérfræðiþekking innan raða Deloitte sem er okkar sérstaða og aðgreinir okkur frá samkeppnisaðilum okkar,“ segir Þorsteinn sem sjálfur er gott dæmi um starfsmann sem fékk að vaxa og dafna hjá fyrirtækinu. „Ég byrjaði haustið 2000 hjá Deloitte þannig að ég er búinn að vera hér í 23 ár,“ segir Þorsteinn og hlær.

„Ég byrjaði hjá Deloitte með skóla og var fyrst og fremst að læra hvað endurskoðun snýst um og læra að gera ársreikninga. Svo þróaðist ég og þroskaðist, var fyrst yfir reikningsskilunum hér innandyra og verð svo

sviðsstjóri endurskoðunarviðs árið 2014. Síðan tek ég við forstjórnastöðinni árið 2019. Og ég er ekki einstakt dæmi heldur gerist þetta gjarnan hjá okkur, fólk kemur ungt til starfa og þroskast í starfi og tekur við stjórnendastöðu eftir einhver ár. Það eru mjög margir hjá Deloitte sem eru uppaldir hér.“

Fjölbreytt ráðgjafarþjónusta

Deloitte verður 30 ára í mars á næsta ári og hjá fyrirtækinu starfa um 280 manns. Þorsteinn talar um að í upphafi hafi Deloitte einblínt á endurskoðun, ársreikningagerð og bókhald en síðari ár hafi fyrirtækið líka sinnt alls kyns ráðgjöf og ráðgjafarþjónustu. „Við

erum til að mynda með um fimmtíu manns sem starfa við upplýsingatækniráðgjöf, þar á meðal forritara og annað frábært fólk með tæknilega sérþekkingu. Við sinnum því ekki bara endurskoðun heldur líka fjármálaráðgjöf, upplýsingatækniráðgjöf og áhætturáðgjöf. Þetta er mjög fjölbreytt þjónusta sem við bjóðum upp á.“

Traust viðskiptasamband

Þorsteinn talar um að til að vera framúrskarandi sé mikilvægt að vera ekki hræddur við breytingar. „Framúrskarandi fyrirtæki sætta sig ekki við óbreytt ástand og leita leiða til að gera eitthvað nýtt og spennandi, hvort sem það er í gegnum endurbætur á ferlum, tækniframfarir eða annað. Við eigum ekki að hika við að gera breytingar. Það er svo sambland ýmissa þátta sem stuðla að viðvarandi vexti fyrirtækja og að sjálfsögðu er það ánægja viðskiptavina og starfsmanna sem er óumdeilanlega mikilvægasti þátturinn í rekstrinum.“

En það er líka mikilvægt að vera með framtíðarsýn, að vera með langtímastefnu og vita hver tilgangur félagsins er. Við þurfum líka auðvitað að veita starfsfólkinu okkar innblástur og hvatningu. Í þekkingar- og þjónustufyrirtæki eins og Deloitte byggist þetta mikið á traustu viðskiptasambandi og samskiptum við fólk með okkar, hvernig við miðlum ráðgjöf og þekkingu og hlustum á þarfir og áskoranir viðskiptavina. Framúrskarandi fyrirtæki byggja einfaldlega á framúrskarandi fólki sem við erum svo lukkuleg að vera með,“ segir Þorsteinn að lokum. svanhvit@mbl.is

**Ef þú sérð FLOTTAN
forsteyptann stólpa
er líklegt að hann sé
framleiddur hjá**

ÍSLANDSHÚS

..við framleiðum lausnir

Við erum STOLT af því að vera

**Framúrskarandi
fyrirtæki 2022-2023**



Stórt fyrirtæki: Eignir yfir 1.000 milljónir króna. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Topp 20

Stór Framúrskarandi fyrirtæki



Nr.	Nafn	Heimili	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eigið fé alls	Eiginfjárlutfall
1	Síminn hf.	Reykjavík	Práðlaus fjarskipti	Orri Hauksson	51.181	35.261	68,9%
2	Origo hf.	Reykjavík	Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni	Jón Björnsson	15.676	8.486	54,1%
3	Landsvirkjun	Reykjavík	Framleiðsla rafmagns	Hörður Arnarson	550.142	326.241	59,3%
4	Eimskipafélag Íslands hf.	Reykjavík	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Vilhelm Már Þorsteinsson	100.999	46.838	46,4%
5	Brim hf.	Reykjavík	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Guðmundur Kristjánsson	142.847	68.520	48,0%
6	Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	Reykjavík	Útgerð fiskiskipa	Runólfur Viðar Guðmundsson	72.691	46.716	64,3%
7	Síldarvinnslan hf.	Neskaupsstaður	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Gunnþór Björn Ingvason	150.530	83.130	55,2%
8	Marel hf.	Garðabæ	Framleiðsla á vélum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksvinnslu	Árni Oddur Þórðarson	408.505	155.757	38,1%
9	Heimstaden ehf.	Kópavogur	Leiga íbúðarhúsnæðis	Egill Lúðvíksson	78.176	34.202	43,8%
10	Eik fasteignafélag hf.	Reykjavík	Leiga atvinnuhúsnæðis	Garðar Hannes Friðjónsson	128.651	43.744	34,0%
11	Ísfélag hf.	Vestmannaeyjar	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Stefán Baldvin Friðriksson	46.342	31.578	68,1%
12	Búseti húsnæðis-samvinnufélag	Reykjavík	Leiga íbúðarhúsnæðis	Bjarni Þór Þórólfsson	77.472	35.708	46,1%
13	Össur Iceland ehf.	Reykjavík	Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	Sveinn Logi Sölvason	36.719	21.204	57,7%
14	Bjarg íbúðafélag hses.	Reykjavík	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Björn Traustason	45.734	22.674	49,6%
15	Össur hf.	Reykjavík	Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	Sveinn Logi Sölvason	188.254	90.268	48,0%
16	Eskja hf.	Eskifjörður	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Páll Snorrason	34.293	17.879	52,1%
17	Landsnet hf.	Reykjavík	Flutningur rafmagns	Guðmundur Ingi Ásmundsson	146.635	68.503	46,7%
18	Hólmi ehf.	Eskifjörður	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Þorsteinn Kristjánsson	25.257	24.934	98,7%
19	Festi hf.	Kópavogur	Önnur blönduð smásala	Ásta Sigríður Fjeldsted	93.373	34.460	36,9%
20	Hagar hf.	Reykjavík	Stórmarkaðir og matvöruverslanir	Finnur Oddsson	65.192	26.726	41,0%

gæludýr.is



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023



Smáratorg - Bíldshöfði - Fiskislóð
Hafnarfjörður - Baldursnes Akureyri

Meðalstórt fyrirtæki: Eignir 200-1.000 milljónir króna. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Topp 20

Meðalstór Framúrskarandi fyrirtæki

Nr.	Nafn	Heimili	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eigið fé alls	Eiginfjárlutfall
1	DK Hugbúnaður ehf.	Kópa-vogur	Hugbúnaðargerð	Hulda Kristín Guðmundsdóttir	947	492	52,0%
2	Arctica Finance hf.	Reykjavík	Fjárvörslusjóðir, sjóðir og önnur sérhæfð fjársýslufélög	Stefán Þór Bjarnason	809	606	74,9%
3	Örn Software ehf.	Kópa-vogur	Hugbúnaðargerð	Sten-Roger Karlsen	874	766	87,7%
4	ACRO verðbréf hf.	Reykjavík	Starfsemi við miðlun verðbréfa og hrávörusamninga	Hannes Árdal	705	546	77,4%
5	BBA FJELDCO ehf.	Reykjavík	Lögfræðiþjónusta	Elísabet Ingunn Einarsdóttir	698	409	58,6%
6	Marhólmur ehf.	Garðabæ	Önnur ótalin framleiðsla á matvælum	Hilmar Ásgeirsson	962	487	50,7%
7	Læknisfræðileg myndgreining ehf.	Reykjavík	Sérfræðilækningar	Sólveig Fríða Jóhannsdóttir	904	371	41,0%
8	Sementsverksmiðjan ehf.	Akranes	Sementsframleiðsla	Gunnar Hermann Sigurðsson	996	645	64,8%
9	Ferill ehf., verkfræðistofa	Reykjavík	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Freyr Brynjarsson	553	313	56,7%
10	Heilsuvernd ehf.	Kópa-vogur	Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf	Fríður Brandsdóttir	735	472	64,2%
11	Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf.	Hafnar-fjörður	Vélvinnsla málma	Ólafur Jón Ormsson	821	640	77,9%
12	Sílafur ehf.	Reykjavík	Hljóðupptaka og tónlistar-útgáfa	Ólafur Þór Arnalds	471	425	90,1%
13	Hlaðir ehf.	Grenivík	Útgerð fiskiskipa	Þorsteinn Ágúst Harðarson	339	277	81,8%
14	Eldum rétt ehf.	Kópa-vogur	Smásala póstverslana eða um Netið	Valur Hermannsson	648	420	64,9%
15	Geysir ehf.	Selfoss	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Elín Svafa Thoroddsen	669	411	61,5%
16	Frár ehf.	Vest-manna-eyjar	Útgerð fiskiskipa	Sindri Óskarsson	683	615	90,0%
17	H. Hauksson ehf	Kópa-vogur	Heildverslun með járnvöru, búnað til pípu- og hitalagna og hluti til þeirra	Haukur Hauksson	432	325	75,2%
18	Ísver ehf.	Reykjanes-bær	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Agnar Norðfjörð Hafsteinsson	592	486	82,0%
19	Gangverk ehf.	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Atli Þorbjörnsson	936	573	61,2%
20	Armar mót og kranar ehf.	Hafnar-fjörður	Leiga á vinnuvélum og tækjum til byggingaframkvæmda og mannvirkjagerðar	Auðunn Svafar Guðmundsson	931	700	75,2%

GARMIN®

YFIRBURÐIR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

MARQ® COLLECTION — CARBON EDITIONS



GARMINBÚÐIN

ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGUR | SÍMI: 577 6000 | GARMIN.IS



Framúrskarandi
fyrirtæki 2018-2023

Lítið fyrirtæki: Eignir 100-200 milljónir króna. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Topp 20

Lítill Framúrskarandi fyrirtæki

Nr.	Nafn	Heimili	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eigið fé alls	Eiginfjárlutfall
1	Vélar ehf.	Reykjavík	Önnur ótalin smásala á nýjum vörum í sérvslunum	Árni Rafn Gíslason	187	148	79,5%
2	Verkvík - Sandtak ehf.	Hafnarfjörður	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Sturla Ómarsson	149	108	72,6%
3	Loftmyndir ehf.	Reykjavík	Starfsemi á sviði landmælinga; jarðfræðilegar rannsóknir	Karl Arnar Arnarson	144	85	59,4%
4	Lagnatækni ehf.	Kópavogur	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Kristján Oddur Sæbjörnsson	152	95	62,4%
5	ADG ehf.	Garðabæ	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Ægir Thorberg Jónsson	174	111	63,7%
6	Intenta ehf.	Kópavogur	Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstrarráðgjöf	Ingvi Þór Elliðason	157	92	58,9%
7	DAP ehf	Mosfellsbær	Starfsemi arkitekta og skyld tæknileg ráðgjöf	Guðmundur Oddur Víðisson	194	161	83,0%
8	One Systems Ísland ehf	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Ingimar Arndal Árnason	135	90	66,5%
9	Vegamálun ehf.	Kópavogur	Málningarvinna	Georg Gíslason	118	77	64,7%
10	Sverrisútgerðin ehf.	Ólafsvík	Útgerð smábáta	Gísli Gunnar Marteinnsson	131	94	71,9%
11	Sideline Sports á Íslandi ehf.	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Guðbrandur Ágúst Þorkelsson	197	163	82,5%
12	Endurskoðun og ráðgjöf ehf.	Garðabæ	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Eymundur Sveinn Einarsson	128	52	41,0%
13	Car-X ehf.	Akureyri	Bílaréttingar og -sprautun	Gísli Pálsson	180	74	41,0%
14	Útgerðarfélagið Stekkjavík ehf.	Raufarhöfn	Útgerð fiskiskipa	Friðrik Mar Guðmundsson	170	153	90,1%
15	Provision ehf.	Reykjavík	Smásala á gleraugum og sjóntækjum í sérvslunum	Sigrún Andersen	199	135	68,2%
16	Hugsmiðjan ehf.	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Ragnheiður Þorleifsdóttir	158	66	41,9%
17	E. Bridde ehf.	Reykjavík	Blönduð heildverslun	Hlynur Hafsteinsson	160	99	62,0%
18	Kristján G. Gíslason ehf.	Kópavogur	Blönduð heildverslun	Tómas Hafliðason	139	106	76,8%
19	Aptoz ehf.	Reykjavík	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Bragi Baldursson	175	138	78,7%
20	Tannheilsa ehf.	Reykjavík	Tannlækningar	Stefán Pálmason	195	135	69,0%

VIÐ MALBIKUM
**GRÆNNI
VEGI**

MEÐ HÁGÆÐA OG

UMHVERFISVÆNNA MALBIKI



MALBIKSTÖÐIN

WWW.MALBIKSTODIN.IS | SÍMI: 5160500



Malbikstöðin

Vilhjálmur Þór
Matthíasson



„Þetta er ávanabindandi starf og lyktin af malbikinu er mjög ávanabindandi líka. Enda sjúga gamlir malbikarar gjarnan upp í nefið þegar þeir finna lykt af malbiki.“

Ávanabindandi að malbika

Petta er nokkuð góð tilfinning og við erum afar stolt af þessu,“ segir Vilhjálmur Þór Matthíasson framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar um þá staðreynd að fyrirtækið er á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki sjöunda árið í röð. „Creditinfo á heiður skilið fyrir að hafa komið þessu á. Að vera á þessum lista er ákveðinn stimpill og maður treystir fyrirtækjunum á listanum. Ég veit hvað er erfitt að ná þessu og þetta er mikils virði.“

Malbikstöðin sérhæfir sig í að framleiða og leggja malbik en einnig sjá þau um allan undirbúning fyrir malbikun, hvort sem það er að fræsa burt gamalt malbik eða vinna jarðveg til að gera klárt fyrir malbikun. Aðspurður hvort það sé ekki lúmskt gaman að vinna við malbik á góðum sólarögum segir Vilhjálmur að það sé það svo sannarlega. „Þetta er ávanabindandi starf og lyktin af malbikinu er mjög ávanabindandi líka. Enda sjúga gamlir malbikarar gjarnan upp í nefið þegar þeir finna lykt af malbiki,“ segir Vilhjálmur og hlær.

Faglegt og hvetjandi umhverfi

Gæði eru gríðarlega mikilvæg í malbikun og Vilhjálmur talar um að gæðamál séu það sem fyrirtækið lifir á því að ef þau eru ekki í lagi þá myndi Malbikstöðin fljótt missa viðskiptavinum. „Við leggjum mikla vinnu í gæðamálin og rekum meðal annars okkar eigin rannsóknarstofu þar sem daglegu eftirliti með framleiðslunni er viðhaldið. Það er einnig heilmikið gæðaeftirlit á vettvangi þar sem gerðar eru þjöppumælingar og tekin kjarnasýni til að tryggja eins og best verður á kosið að uppskriftin og útlögnin



Oftast er hægt að byrja að malbika eftir páska en svo er spurning hvað veðrið helst lengi gott. Það kemur fyrir að hægt sé að malbika í desember en það gerist þó sjaldan.

hafi skilað sér á leiðarenda með fullkomnum hætti,“ segir Vilhjálmur og bætir við að góður mannaúdur sé sérstaklega mikilvægur í malbikun sem og öðru. „Við leggjum áherslu á faglegt og hvetjandi umhverfi. Það er nauðsynlegt að hafa rána háa þegar kemur að þeim málum og eins er nauðsynlegt að allir fái að njóta sín og fái áskoranir til að bæta sig og gera betur í sínu starfi.“

Hjá Malbikstöðinni starfa um 55-75 starfs-

menn en Vilhjálmur talar um að starfsmannamálin séu það sem er helst krefjandi við rekstur fyrirtækisins. „Það er ekki hægt að vinna við malbikun allt árið og til að mynda var síðasti vetur einstaklega erfður en þá var ekki hægt að malbika í nánast fimm mánuði, sem er það lengsta sem ég man eftir. Vonandi verður langt í að slíkur vetur banki upp á aftur. Við þurfum alltaf að stoppa fyrirtækið í einhverja mánuði á ári og byrja svo aftur, sem er

gríðarlega krefjandi verkefni fyrir stjórnendur. Þetta er svolítið eins og að leggja bátinum í höfn og bíða í nokkra mánuði þangað til þú ferð út aftur. Þá þarf að finna einhver verkefni fyrir mannskapinn og ráða svo inn sumarfolk á vorin. Við viljum ekki vera stöðugt að fjölga eða fækka fólki en sem betur fer eru sumir sem vilja bara koma til starfa í stuttan tíma og við nýtum okkur það.“

Með veðurfræðing á línunni

Vilhjálmur talar um að það sé yfirleitt byrjað að malbika eftir páska, þá sé veðrið oftast orðið gott. „Svo er bara spurning hvað veðrið helst lengi gott. Það er til dæmis ekki á hverju ári sem við getum malbikað í desember en það kemur alveg fyrir,“ segir Vilhjálmur og bætir við með glettni í röddinni að veðurstöðvavefurinn sé vinsælasta vefsíðan hjá fyrirtækinu. „Og við hringjum heilmikið upp á Veðurstofu og ræðum við veðurfræðing til að forvitnast um hvort við komumst af stað eða ekki. Hvort það sé að koma rigning eða hvað við höfum marga klukkutíma þann daginn. Þá stökkvum við út eins og slökkviliðið,“ segir Vilhjálmur og hlær.

En hann segir samt að það sé ekki svo að rigning fari illa með malbikið sjálft. „Þegar við leggjum malbik ofan á gamla vegi þarf að líma á milli og það er límið sem skemmist. Eins þurfum við alltaf að huga að kælingu því þegar malbik fer á bílana þá er það 160 gráðu heitt. Við þurfum að vera búin að koma því niður og þjappa áður en hitinn fer undir 130 gráður. Því kaldara sem er úti því hraðar þurfum við að vinna.“ svanhvit@mbl.is

MOODINTERIORS.IS
SÍÐUMÚLI 28 | SÍMI 581 2220

mood
INTERIORS



**Arctica
Finance**

Stefán Þór
Bjarnason



Stefán Þór Bjarnason er einn stofnenda Arctica Finance og hefur verið framkvæmdastjóri félagsins frá upphafi.

„Við leggjum áherslu á óhæðni og traustan rekstur“

Stefán Þór Bjarnason, framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækisins Arctica Finance, segir fjármálamarkaðinn hafa breyst umtalsvert á síðustu 15 árum sem liðið hafa frá stofnun fyrirtækisins.

Arctica Finance er framsækið fyrirtæki sem veitir fjársterkum aðilum á borð við fagfjárfesta fjármálaþjónustu og ráðgjöf þar sem áhersla er lögð á traust og fagmennsku.

„Í upphafi fólst þjónusta félagsins eingöngu í fyrirtækjaráðgjöf, einkum fjárhagslegri endurskipulagningu í kjölfar efnahagshrunsins. Síðar voru starfsheimildir félagsins fullnýttar með stofnun miðlunar og síðar eignastýringar,“ segir Stefán Þór en Arctica Finance hlaut starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands árið 2009 þrátt fyrir að sögu félagsins megi rekja til ársins áður.

Prenns konar tekjusið

Að sögn Stefáns felst starfsemi Arctica Finance aðallega í að veita fjármálaþjónustu í gegnum þrjú tekjusið; eignastýringu, markaðsviðskipti og fyrirtækjaráðgjöf.

„Fyrirtækjaráðgjöf sinnir fjölbreyttri þjónustu í tengslum við kaup og sölu fyrirtækja auk þess að aðstoða viðskiptavinum við fjármögnun til dæmis með útgáfu hluta- eða skuldabréfa. Markaðsviðskipti sinna miðlun verðbréfa. Umfangsmest eru eðlilega viðskipti með skráð innlend verðbréf, bæði hluta- og skuldabréf. Sala víxla, skulda- og hlutabréfa fyrir hönd útgefanda eru einnig meðal þess sem sérfræðingar markaðsviðskipta fást við. Svo er það eignastýring en á því sviði felst þjónusta Arctica Finance einkum í virkri stýringu eignasafna fyrir lögaðila. Þjónusta félagsins á sviði eignastýringar hefur verið í mikilli þróun síðustu ár. Líður í þeirri þróun var stofnun sjóðastýringarfélagins A/F Rekstraraðila, en áformað er að framtíðaruppygging á þjónustu eigna-



Að sögn Stefáns hefur mikil þróun átt sér stað á íslenskum fjármálamarkaði undanfarin ár.

stýringar muni einkum fara fram innan þess félags í framtíðinni,“ útskýrir Stefán Þór.

Breytingar orðið á markaðnum

1	Marel hf.	258.868
2	Eimskipafélag Íslands hf.	162.200
3	Hagar hf.	136.632
4	Festi hf.	123.785
5	Össur hf.	102.077
6	Landsvirkjun	86.450
7	Brim hf.	68.316
8	Kaupfélag Skagfirðinga (svf.)	50.704
9	Síldarvinnslan hf.	44.048
10	Auðhumla svf.	40.123
11	Össur Iceland ehf.	36.053
12	Mjólkursamsalan ehf.	35.240
13	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.	31.886
14	Norvik hf.	30.587
15	Byko ehf.	29.604
16	Veritas ehf.	29.514
17	Vinnslustöðin hf.	29.371
18	Hampiðjan hf.	29.354
19	Distica hf.	28.262

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna



MÁLMSTEYPA
Þorgríms Jónssonar ehf.

Miðhrauni 6, 210 Garðabæ | s. 544 8900
m@malmsteypa.is | malmsteypa.is

Við höfum endurunnið járn og framleitt vörur fyrir íslenskan iðnað og bæjarfélög síðan 1944



Topp 20 nýliðar eftir ársniðurstöðu

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna



Nr.	Nafn	Ársniðurstaða
1	Hólmi ehf.	4.103
2	Borealis Services ehf.	996
3	Stemming ehf.	577
4	TM tryggingar hf.	445
5	Bergur-Huginn ehf.	406
6	BBA FJELDCO ehf.	368
7	CCP Platform ehf.	328
8	Rubix Ísland ehf.	289
9	Heilsuvernd ehf.	270
10	Nesdekk ehf.	247
11	Pórsberg ehf.	209
12	Waterfront ehf	207
13	Ormsson hf.	197
14	Core heildsala ehf.	174
15	Eskja Sales & Export ehf.	167
16	Bílasala Reykjavíkur ehf.	156
17	Vélar ehf.	147
18	Suðurverk hf.	140
19	Föt og skór ehf	137
20	Ný-Fiskur hf.	131



**Nýsmíði,
viðgerðir,
viðhald.**



 Framúrskarandi
fyrirtæki 2017-2023



Vélsmiðja Suðurlands
Selfossi • Gagnheiði 5 • ☎ 482 1980



Búseti

Bjarni Þór Þórólfsson



„Það sem skiptir öllu máli er kjarnahæfnin, liðsheildin og andinn sem ríkir í teyminu. Þetta samspil auðlinda er svo grunnurinn að því að búa til hæfni og kjarnahæfni sem og forskot í samkeppnisumhverfi.“

Stöðugur vöxtur hjá Búseta

Framtíðarsýn okkar er að skapa félagsmönnum og búseturétthöfum virði til framtíðar í formi húsnæðis af gæðum og góðrar þjónustu. Búseti er húsnæðissamvinnufélag og markmið félagsins er að byggja, reka og viðhalda íbúðarhúsnæði til langs tíma í þágu félagsmanna,“ segir Bjarni Þór Þórólfsson framkvæmdastjóri Búseta sem á sér einkar farsæla sögu og fagnar 40 ára afmæli á þessu ári. „Með því að gerast félagsmaður Búseta þá áttu þennan möguleika að geta keypt búseturétt. Því fyrr sem þú gerist félagsmaður því betra og til að mynda þekktist að foreldrar skrái börn sín sem félagsmenn. Þau geta vitanlega ekki keypt búseturéttinn sinn fyrr en þau ná aldri til en hins vegar er það þannig að því eldra númer því betra. Félagsmenn geta svo sótt um hvaða íbúð Búseta sem auglýst er til sölu og sá sem er með elsta númerið getur keypt búseturéttinn á íbúðinni. Búseturétturinn sjálfur er því skilgreind eign sem er alltaf tengd sama fastanúmerinu og það er réttur viðkomandi að búa í eigninni eins lengi og hann vill. Það er einungis eigandi búseturéttarins sem getur ákveðið að selja hann,“ segir Bjarni og bætir við að búseturéttur sé mjög þekkt fyrirkomulag á Norðurlöndunum og um það bil fjórðungur af sænsku þjóðinni býr í svipuðu kerfi.

Farsæll kostur fyrir fyrstu kaupendur

Bjarni talar um að félagið hafi í gegnum árin reynst fyrstu kaupendum farsæll kostur enda er oft erfitt að koma sér inn á fasteignamarkaðinn. Sérstaklega skipti það miklu máli í dag þegar verðbólgan er mjög há. „Segjum sem svo



Búseti sér um allt ytra viðhald á húsunum sem fólk býr í án aukakostnaðar fyrir íbúa.

að þú borgir fimm milljónir fyrir búseturétt. Þegar þú selur búseturéttinn eftir fimm ár þá er þessi eign uppreiknuð út frá vísitölu neysliverðs og fylgir þar með alltaf verðlagi. Þessa dagana er til dæmis fasteignaverð að gefa eftir og gæti mögulega lækkað áþreifanlega eins og gerist á einhverra ára millibili, sérstaklega þegar það er einhver bólu myndun eins og hefur verið upp á síðkastið. Búseturétturinn gefur hins vegar ekki eftir því hann heldur í viðverðlagsþróun, sem skiptir gríðarlega miklu máli þegar verðbólga er mjög há.“

Þá talar Bjarni um að Búseti bjóði upp á fjölbreytt úrval fasteigna fyrir einstaklinga og fjölskyldur í öllum sveitarfélögum höfuð-

borgarsvæðisins. „Við bjóðum upp á um 1.400 íbúðir sem allar eru á höfuðborgarsvæðinu. Þar af eru um 400 íbúðir leigðar út með hefðbundnum hætti á vegum dótturfélags Búseta sem kallast Leigufélag Búseta.“

Allt ytra viðhald innifalið

Búseti hefur byggt ötullaga á síðustu árum og hafa fasteignaverkefnið vakið athygli, til að mynda byggingarverkefni félagsins við Einholt, Þverholt og Keilugranda í Reykjavík. Bjarni talar um að á síðustu sex árum hafi íbúðum félagsins fjölgað um ríflega 100 á ári að meðaltali. „Í síðustu nýbyggingarverkefnum félagsins má finna minni íbúðir á hagkvæmum

kjörum sem höfða til fólks sem er að kaupa sína fyrstu eign. Og Búseti sér um allt ytra viðhald á húsunum sem fólk býr í án aukakostnaðar fyrir íbúa. Íbúar þurfa því ekki að óttast óvænt útgjöld vegna kostnaðarsamra utanhússviðgerða. Félagsmenn eru vitanlega eigendur Búseta og við erum svo heppin að fá góð kjör á öllu viðhaldi. Ég líki þessu stundum við það að við hjá Búseta séum að reka eitt risastórt heimili því í krafti magns þá njótum við betri kjara. Þannig getum við rekið fyrirtækið með hagkvæmum hætti sem síðan allir íbúar njóta góðs af.“

Sterk fjárhagsstaða

Aðspurður hvað það sé helst sem geri fyrirtæki framúrskarandi segir Bjarni að framúrskarandi fyrirtæki byggist á mismunandi kjarnahæfni. „Fyrirtækin eiga það sameiginlegt að stunda góða stjórnarhætti um leið og lagður er grunnur að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku. Þau eiga það sameiginlegt að vera með rekstur sem byggist á sterkum stöðum, er í jafnvægi og almennt með sterka eiginfjárstöðu. Við bætast svo auðvitað þau hlutlægu viðmið þeirra sem leggja mat á framúrskarandi félög eins og Creditinfo gerir mjög vel,“ segir Bjarni og bætir við að það sé mikils virði fyrir samstæðu Búseta að vera á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki en bæði móðurfélagið og dótturfélagið eru á þessum lista. „Skilgreiningin endurspeglar heilbrigðan og traustan rekstur og á við um félög sem njóta trausts. Rekstur Búseta hefur gengið vel undanfarin ár og hefur félagið vaxið og dafnað. Á undanförunum fimm árum hafa heildareignir

samstæðu félagsins til dæmis vaxið úr um 38,8 milljörðum króna í um 77,5 milljarða og eigið fé vaxið úr um 13,2 milljörðum króna í um 35,7 milljarða. Á sama tíma hefur íbúðum í rekstri félagsins fjölgað úr 850 í um 1.400. Nýframkvæmdir hafa gengið vel sem og rekstur félagsins og er fjárhagsstaða þess mjög sterk en eiginfjárhlutfall samstæðunnar í árslok 2022 nam 46,1%. Á þessu sama tímabili hefur verið mikil eftirspurn eftir íbúðum félagsins og ekki útlit fyrir að breyting verði þar á. Það má því segja að staða Búseta sé mjög góð og framtíðin björt.“

Gleymum ekki að fagna sigrunum

Bjarni segir að það sé ekki auðvelt að ná svona árangri og þar skipti mannaúdurinn höfuðmáli en hjá Búseta starfa 18 manns. „Við búum svo vel hérna að sumt fólkið er búið að vera mjög lengi hjá okkur og þetta er svo heppileg blanda af fólki sem er með mikla þekkingu og reynslu og nýrra starfsfólki sem kemur inn með nýja strauma og dýnamík. Það sem skiptir öllu máli er kjarnahæfnin, liðsheildin og andinn sem ríkir í teyminu. Þetta samspil auðlinda er svo grunnurinn að því að búa til hæfni og kjarnahæfni sem og forskot í samkeppnisumhverfi,“ segir Bjarni auðmjúkur og bætir við að það sé ekki nóg að hafa góðan mannaúð heldur þurfi líka að halda í þennan góða mannaúð.

„Þá þarf að hlúa vel að starfsfólki og gera það sem hægt er til að skapa jákvætt hlaðna menningu og dýnamík í öllu samstarfi þannig að fólk langi til þess að vera í þessum hópi fólks sem dregur saman vagninn og lætur gott af sér leiða í þágu einhvers málstaðar. Þetta er svoltið eins og að þjálfa íþróttafélag eða hóp íþróttamanna. Fólk þarf alltaf að hafa sameiginleg markmið, það þarf að vita hvert maður stefnir til að allir hlaupi í sömu átt og svo má aldrei gleyma að fagna sigrunum. Það er svo hvetjandi fyrir starfsfólkið að hafa náð markmiðum sínum og fagna því.“ *svanhit@mbl.is*



Búseti hefur byggt ötullega á síðustu árum og hafa fasteignaverkefnið vakið athygli, til að mynda við Einholt, Þverholt og Keilugranda í Reykjavík.




OLIFA

FRÁ ÍTALÍU
TIL ÞÍN



olifa.com

Framúrskarandi fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu eftir póstnúmerum



Póstnúmer	Fjöldi	Póstnúmer	Fjöldi	Póstnúmer	Fjöldi	Póstnúmer	Fjöldi
101 Reykjavík, miðbær	39	110 Árbær og Ártúnsholt	105	200 Kópavogur	57	210 Garðabær	43
102 Vatnsmýri	3	111 Efra-Breiðholt	1	201 Smárar, Lindir og Salir	72	212 Garðabær, óstaðsett	1
103 Kringlan	13	112 Grafarvogur	19	202 Kópavogur, óstaðsett	1	220 Hafnarfjörður	47
104 Sund og Laugardalur	49	113 Grafarholt og Úlfarsárdalur	8	203 Kórar, Hvörf og Þing	32	221 Hafnarfjörður, Vellir	30
105 Holt og Hlíðar	62	124-130 Reykjavík, óstaðsett	10	222 Hafnarfjörður, óstaðsett	4	225 Álftanes	2
107 Reykjavík, Vesturbær	2	162 Hvalfjörður og Kjós	4	270 Mosfellsbær	18	271 Mosfellssveit	2
108 Háaleiti og Bústaðir	77	170 Seltjarnarnes	7				
109 Neðra-Breiðholt og Sel	4						

Kynjahlutföll framkvæmdastjóra Framúrskarandi fyrirtækja 2023



Hlutfall kvenna í stjórnun
Framúrskarandi fyrirtækja



M7 hjálpar þínu fyrirtæki að skilgreina og móta skilvirka viðskiptaferla í stafrænu umhverfi. Við erum stolt af því að vera í hópi framúrskarandi fyrirtækja árið 2023.



Borgarverk

Atli Þór
Jóhannsson



Atli Þór Jóhannsson tók nýlega við sem framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Borgarverks.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Sumrin miklir álagstímar í vega- og gatnagerð

Verktakafyrirtækið Borgarverk hefur frá 1982 sérhæft sig í jarð- og vegavinnuframkvæmdum. Fyrirtækið var stofnað árið 1974 en starfsemi þess má rekja aftur til ársins 1955 og hefur það frá fyrstu tíð stundað almenn verktakastörf á sviði jarðvinnslu.

Hinn 1. september síðastliðinn voru gerðar breytingar á framkvæmdastjórn Borgarverks þegar Atli Þór Jóhannsson var ráðinn til starfa sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Tók hann við af Óskari Sigvaldasyri sem sinnt hafði starfinu af mikilli staðfestu frá árinu 2005.

„Ég er mjög spenntur fyrir nýjum tækifærum hjá Borgarverki og tek við mjög góðu búi,“ segir Atli Þór, nýr framkvæmdastjóri Borgarverks. „Ég þurfti ekki mikinn umhugsunarfrest. Mér leist strax vel á þetta og ég vona að öllum hafi litist jafn vel á mig,“ segir hann sposkur.

Aukin virðing borin fyrir bransanum

Hjá Borgarverki starfar stór og reynslumikill hundrað manna hópur sem bætist gjarnan í yfir sumartímann. Að sögn Atla knýr starfsmannahópurinn fram farsæld fyrirtækisins sem hann segir byggja á háum starfsaldri og mikilli fagmennsku.

„Þegar mest lætur erum við í kringum 140 talsins sem störfum hjá Borgarverki. Sumarið er mikill álagstími hjá okkur því þá er ekkert frost í jörðu og ekkert sem hamlar okkur. Þá fáum við til okkar fleira gott starfsfólk og ekki óalgengt að unga fólk sé sækir í sumarstörf hjá okkur,“ segir Atli og lýsir daglegum



Tækjakostur Borgarverks er öflugur og fjölbær. Að sögn Atla er góður tækjakostur forsenda starfseminnar.

Morgunblaðið/Óttar Geirsson

verkefnum starfsmanna. „Borgarverk er þekkt fyrir góðar vegaklæðingar og vel unna vegagerð en hefur á síðustu árum orðið umsvifamikill í gatnagerð fyrir sveitarfélögin,“ segir hann en helstu verkefni Borgarverks snúa ýmist að nýlagningu eða viðhaldi á vegum, jarðvinnu og snjómokstri.

„Verkefni eru af fjölbreyttum toga en við vinnum mikið með gröfvar og ýmis stór tæki sem þarf ákveðna kunnáttu og þekkingu til að stjórna,“ segir Atli og heldur áfram.

„Okkur þykir gaman að sjá nýtt og ungt fólk blómstra í starfi hjá okkur og hvetjum það til að fara og taka meiraprófið svo það

geti haldið áfram að vaxa með okkur. Við fögnum því að nú býður Tækniskólinn upp á námsleið í jarðtækni og þangað reynum við að hvetja þá að fara sem eru áhugasamir um þennan bransa og vilja bæta við sig menntun og þekkingu,“ segir hann og bendir á að með tíð og tíma hafi viðhorf samfélagsins gagnvart vegavinnustéttinni breyst og hún hlotið meiri virðingu en áður.

„Þetta er lúmsk tækni.“

Góður tækjakostur nauðsynlegur

Borgarverk býr yfir viðamikilli reynslu og þekkingu á jarð- og veg framkvæmdum

þar sem góður tækjakostur leikur stórt hlutverk í afkastagetu fyrirtækisins.

„Þetta krefst mikillar skipulagningar en við erum búin rosalega góðum tækjakosti sem er hvorki of nýr né of gamall. Það er ákveðin list að halda sig við tæki sem reynast góð fjárfesting á hverju ári til að halda tækjaflofanum við á eins ábyrgan hátt og kostur er hverju sinni því það þarf að gæta hófs í þessu. Það er engin nauðsyn að vera alltaf með nýjustu og flottustu tækin, þau henta ekkert endilega alltaf í það sem við erum að fást við frá degi til dags. Við erum í góðu samstarfi við góða birgja sem útvega okkur tæki á örskotsstundu þegar verkin kalla. Það er gull í gildi,“ segir hann.


Atli segir verkefni Borgarverks þekkjast af fagmennsku, áreiðanleika og gæðum.

„Þeir sem ráða okkur til verka vita að þeir geta treyst vel unnum verkum. Borgarverk er með gott og traust orðspor. Fyrri verk sem Borgarverk hefur skilað af sér hafa talað máli sínu, sem hefur gert það að verkum að fyrirtækið er eftirsótt.“

Að sögn Atla er engra breytinga að vænta á næstu misserum hjá Borgarverki. Hann segir að sér sé mikið í mun að viðhalda gömlum og góðum gildum sem hafa verið við lýði hjá Borgarverki í árána rás.

„Það verða engar breytingar í kjölfar þessara breytinga,“ segir Atli sem tók við sem framkvæmdastjóri fyrir rúmlega mánuði. „Ég kem til með að halda áfram að gera það sem er gott enn betra.“
asthildur@mbl.is

Framkvæmdastjórar Framúrskarandi fyrirtækja eftir aldurshópum



SI RAFLAGNIR ehf.
Alhliða raflagnir



SI RAFLAGNIR ehf
er framúrskarandi fyrirtæki


Við þökkum samstarfsaðilum og starfsmönnum okkar árangurinn



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023


Lykiltölur nokkurra ferðapjónustufyrirtækja

Velta rekstrarárið 2022




Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Ársniðurstaða rekstrarárin 2020-2022



Lykiltölur nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja

Velta rekstrarárið 2022



Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Framúrskarandi frá upphafi



DUFLAND

Dufland Heildsala er ungt og framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi, markaðssetningu og dreifingu á neysluvörum. Fyrirtækið leggur mikinn metnað í að bjóða viðskiptavinum sínum vörur á hagstæðu verði með skjótri og persónulegri þjónustu.

Fyrirtækið var stofnað árið 2019 og hefur sýnt fram á hraðan vöxt sem endurspeglar það traust sem fyrirtækið hefur unnið sér inn bæði hér á landi sem erlendis.



„Við erum mjög stoltir af því að komast beint inn á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki og fá þar með viðurkenningu fyrir þann góða árangur sem við höfum náð á skömmum tíma.“
- Víðir Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri







„Frá upphafi höfum við einblínt á að vera ábyrgt fyrirtæki í viðskiptum með góða og persónulega þjónustu. Þessi viðurkenning hvetur okkur áfram á þeirri vegferð og að gera enn betur á komandi árum.“
- Bjarni Freyr Guðmundsson, rekstrarstjóri



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

Þróun ársreikningsstærða hjá Framúrskarandi fyrirtækjum 2023

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna



Topp 10 Framúrskarandi fyrirtæki með konu sem framkvæmdastjóra eftir rekstrartekjum

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Nr.	Nafn	Framkvæmdastjóri	Rekstrartekjur alls
1	Festi hf.	Ásta Sigríður Fjeldsted	123.785
2	Norvik hf.	Harpa Dögg Vífilsdóttir	30.587
3	Byko ehf.	Hulda Júlíana Jónsdóttir	29.604
4	Veritas ehf.	Póranna Jónsdóttir	29.514
5	Distica hf.	Júlía Rós Atladóttir	28.262
6	Vátryggingafélag Íslands hf.	Guðný Helga Herbertsdóttir	24.789
7	Lyfja hf.	Pórunn Hildur Þórisdóttir	15.242
8	Eskja Sales & Export ehf.	Erna Þorsteinsdóttir	14.770
9	Lýsi hf.	Katrín Pétursdóttir	14.224
10	Atlantsólía ehf	Guðrún Ragna Garðarsdóttir	10.068



Femto LASIK aðgerð
Þekkingin – Reynslan - Þjónustan

FRAMÚRSKARANDI
FIMM ÁR Í RÖÐ



„Forskoðun
er fyrsta
skrefið“


AUGLJÓS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

414 7000
augljós.is



noona.is



Tryggja
Smári
Ríkarðsson
Baldvin
Samúelsson



Morgunblaðið/Eggert

Tryggja hefur náð að tryggja góðan árangur

Méð natni og viljann að verki hefur okkur tekist að búa til fyrirtæki sem stendur í lappirnar og stundar sín viðskipti í anda váttryggingamiðlara Evrópu,“ segir Smári Ríkarðsson, framkvæmdastjóri Tryggja ehf.

Tryggja er elsta váttryggingamiðlun landsins og velti um 600 milljónum á síðasta ári en eigendur félagsins eru þeir Smári Ríkarðsson framkvæmdastjóri og Baldvin Samúelsson stjórnarformaður.

Starfsemi Tryggja felst aðallega í að aðstoða fyrirtæki og sveitarfélög með váttryggingar af ýmsu tagi.

„Við erum ótrúlega þakklátir fyrir starfsfólkið okkar og ekki síður viðskiptavinum sem hafa treyst á okkur í gegnum árin,“ segir Baldvin. „Tryggja er nú þriðja árið í röð veitt viðurkenning fyrir að vera framúrskarandi og við teljum þá viðurkenningu mikilvæga því tryggingar snúast um traust.“

Áhersla á skaðatryggingar

„Þarfir viðskiptavinum eru alltaf hafðar í fyrirrúmi hjá Tryggja. Okkur er alveg sama hvaðan tryggingin kemur eða hvort hún er erlend eða ekki. Þær lausnir sem viðskiptavinurinn leitar eftir er það sem skiptir mestu máli,“ útskýrir Smári og segir að birgjar sem Tryggja á í samstarfi við séu af öllum stærðargráðum og komi víðs vegar að utan úr heimi.

Váttryggingamiðlunin Tryggja var stofnuð árið 1995. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og verkefni Tryggja tekið breytingum með tíð og tíma.

„Starfsemi eins og hún er í dag fer ekki í gang fyrr en upp úr hruninu. Við leggjum áherslu á skaðatryggingar og flóknari lausnir



Morgunblaðið/Eggert

Starfshópur Tryggja þekkir váttryggingamarkaðinn út í gegn og miðlar þekkingu sinni af mikilli kostgæfni til viðskiptavina félagsins.

fyrir fyrirtæki og þá sérstaklega þegar kemur að erlendum áhættum sem og ef erlendir aðilar hafa verið að koma til Íslands og vantar upplýsingar um meðhöndlun váttryggingaþjónustu hér á landi. Auk þess erum við með slysa- og sjúkratryggingar fyrir einstaklinga sem gefnar eru út af Tryggja eða váttryggðar hjá Lloyd's.“

Hluti af Lloyd's-fjölskyldunni

Tryggja fékk stöðu „cover holder“ í janúar 2018 og hefur síðan þá getað boðið viðskiptavinum sínum upp á fleiri möguleika þegar litið er til váttrygginga og sérhæfðar áhættu.

„Það að vera hluti af þessu regluverki hefur ýtt úr vör viðskiptasamböndum sem annars hefðu ekki orðið. Lloyd's-váttryggingamarkaður er

ekki eins opinn þeim sem ekki hafa sömu stöðu og Tryggja. Það er að segja að geta stundað viðskipti við markaðinn, gefið út váttryggingar og meðhöndlað öll samskipti eins og að skrifa upp á skilmála og meðhöndla tjón viðskiptavina,“ útskýrir Smári.

„Með þessu má segja að dagleg starfsemi sé ekki svo ólík því sem hefðbundin trygginga-

Smári Ríkarðsson og Baldvin Samúelsson eru eigendur Tryggja og búa samanlagt yfir áratugalangri reynslu af váttryggingageiranum.

félög stunda, þrátt fyrir að við séum hluti af Lloyd's-fjölskyldunni. Munurinn liggur helst í fjárhagslegum skilyrðum og utanumhaldi á regluverki," bætir Baldvin við.

„Okkar kúnnar geta leitað til okkar þó þeir þurfi tryggingar í öðru landi. Sem dæmi þá þjónustum við mörg félög sem hafa starfsemi erlendis þar sem íslenskir skilmálar duga ekki. Það er ómetanlegt að stjórnendur þessara félaga hafa kosið að treysta okkur fyrir því að vera hluti af varnarlínu þeirra. Kjörstaða okkar er sú að við tölum tungumál tryggingafræðanna og höfum áratuga reynslu í faginu," segir Smári.

Menningarmunur stundum til fyrirstöðu

„Síðan erum við líka að vinna fyrir erlend félög sem hafa aðsetur á Íslandi með alþjóðlegar tryggingar. Þá vinnum við með milliðili eða sérfræðingur í ferlinu, sem auðveldar viðskiptin," segir Baldvin og bendir á að Tryggja sé í miklu samstarfi við alþjóðlegu váttryggingamiðlunina Marsh & McLennan sem er sú stærsta á sínu sviði á heimsvísu.

„Við sjáum um öll þeirra vandamál sem upp koma á Íslandi með því að finna váttryggingar sem leitað er eftir hér, skaffa þær, staðfæra og sýna fram á að þær séu samkvæmt því sem þeir óska eftir," segir Smári.

„Vandamálið þarna er að það er oft svo mikill menningarmunur. Sérstaklega á milli Ameríku og Íslands. Það vantar oft mikið upp á skilning á milli landa.

„Til dæmis ef bandarískt félag er að setja upp starfsemi á Íslandi og er með allar váttryggingar á hreinu en félagið ætlar svo að ráða íslenska starfsmenn inn í verkefnið þá eiga þeir stundum erfitt með að skilja hvers vegna þeir þurfa að kaupa sjúkratryggingu fyrir starfsfólkið. Mörgum er fyrirmunað að fatta að starfsfólkið er sjúkratryggt fyrir það eitt að vera Íslendingar," lýsir hann en segir að að sama skapi geti dæmið snúist við ef íslenskt félag stofnar til starfsemi í Bandaríkjunum.

Nýtt líftryggingafélag og tryggingakerfi líta dagsins ljós

Tryggja hefur staðið að þróun á nýju tryggingakerfi sem tæknilausn við utanumhald á váttryggingarekstri en verkefnið nær mörg ár aftur í tímann og hefur verið í stöðugri framþróun. Innleiðing kerfisins er nú þegar hafin og segjast þeir Baldvin og Smári stoltir af því að sjá ávöxt erfiðisins.

„Samhliða almennri starfsemi Tryggja höfum við verið að þróa skýjalausn sem við köllum Tryggvi. Kerfið er algerlega byggt frá grunni af okkar fólki og það mætir þeim kröfum sem gerðar eru til slíkra kerfa í dag. Það sér um stoðkerfin fjögur sem eru útgáfa og tölfraði, áhættumat og skýrsluskil og innheimta og tjónaumsýsla. Við höfum nýtt okkur kerfið í eigin rekstri og höfum einnig selt notkunarrétt á því til þriðja aðila. Þá eru einnig nokkrir miðlarar hjá Lloyd's að nýta hluta af því í ýmis verkefni sem við tengjumst," segir Smári.

Hingað til hefur Tryggja ekki boðið upp á líftryggingar en að sögn Baldvins og Smára eru mörg teikn á lofti þar sem nýtt líftryggingafélag mun brátt líta dagsins ljós.

„Við erum ekki með líftryggingar í dag þar sem Lloyd's-markaðurinn hætti að geta boðið upp á slíkar tryggingar innan Evrópu eftir Brexit. Í ljósi þess og þar sem Tryggja hefur verðmætan stofn viðskiptamanna þá hafa nokkrir úr okkar hópi ásamt fjárfestum farið í þá vegferð að stofna líftryggingafélag," segir Baldvin sem hefur leitt uppbyggingu nýs félags sem vonir standa til að muni hefja starfsemi nú á haustmánuðum.

„Hið nýja félag er í raun íslenskt hugvit. Öflugt, ófeimið og ögrandi fyrir markaðinn og allt byggt á sterkum og sjálfbærum grunni þar sem Tryggja mun gegna lykilhlutverki sem vinnsluáðili líftryggingafélagsins," segja þeir Baldvin og Smári og óhætt að segja að framtíðin sé björt hjá fyrirtækinu.
asthildur@mbl.is



GUNNARSFELL
VERKTAKAR

Allt á einum stað

Gunnarsfell Verktakar er í hópi þeirra 2% íslenskra fyrirtækja sem uppfylla ströng skilyrði greiningar Creditinfo á framúrskarandi fyrirtækjum árið 2023.

Við erum afar stolt af þeim árangri.

www.gunnarsfell.is



**Framúrskarandi
fyrirtæki 2023**

Aðsetur Framúrskarandi fyrirtækja



Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi						
Reykjavík	396	Egilsstaðir	10	Sandgerði	6	Bolungarvík	3	Drangsnæs	2	Grímsey	1
Kópavogur	162	Grindavík	10	Eskifjörður	4	Mývatn	3	Grundarfjörður	2	Hólmavík	1
Hafnarfjörður	81	Húsavík	10	Garður	4	Neskaupsstaður	3	Hvammstangi	2	Hnífsdalur	1
Akureyri	50	Höfn í Hornafirði	8	Grenivík	4	Siglufjörður	3	Patreksfjörður	2	Hveragerði	1
Garðabær	46	Ólafsvík	8	Flúðir	4	Tálknafjörður	3	Raufarhöfn	2	Hvolsvöllur	1
Selfoss	29	Ísafjörður	7	Reyðarfjörður	4	Porlákshöfn	3	Reykhólahreppur	2	Kirkjubæjarklaustur	1
Reykjanesbær	23	Seltjarnarnes	7					Stykkishólmur	2	Kópasker	1
Mosfellsbær	20	Borgarnes	6					Þórshöfn	2	Stokkseyri	1
Akranes	16	Dalvík	6					Blönduós	1	Varmahlíð	1
Sauðárkrókur	15	Hella	6							Vogar	1
Vestmannaeyjar	13	Hellissandur	6							Ölfus	1



Lykiltölur nokkurra byggingarfyrirtækja

Velta rekstrarárið 2022



Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

NÝMÓTI BYGGINGAVERKTAKAR

Nýmót ehf. er byggingarfyrirtæki stofnað árið 2000 af þeim Hermanni Arasyni og Ingþóri Óla Thorlacius. Í upphafi voru starfsmenn eingöngu stofnendurnir tveir en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt í takt við umfang og verkefni fyrirtækisins.

Hjá fyrirtækinu starfa í dag 45 starfsmenn við nýbyggingar og viðhald eldri húsa. Fyrirtækið er byggt á traustum grunni og hefur staðið af sér sveifur í efnahagslífi. Nýmót er aðalverktaki með allar iðngreinar undir sinni stjórn. Víðtæk þekking og reynsla er í hópi starfsmanna Nýmóta.



Gæði



Traust



Áreiðanleiki



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023



Fyrirtæki sem hafa alltaf verið Framúrskarandi

42 eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu

8 á Norðurlandi eystra

1 á Austurlandi

1 á Norðurlandi vestra

1 á Suðurlandi

1 á Suðurnesjum

1 á Vesturlandi

55 fyrirtæki hafa alltaf verið Framúrskarandi

15% eru með konu sem framkvæmdastjóra


Nafn	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eiginfjárhlutfall	Arðsemi eigin fjár
Iðnmark ehf.	Vinnsla á kartöflum	Sigurjón Dagbjartsson	1.162	90,8%	10,7%
Dista ehf.	Heildverslun með drykkjarvörur	Sigurður Örn Bernhöft	254	22,2%	53,8%
Bráð ehf.	Smásala á íþrótt- og tómstundabúnaði í sérverslunum	Ólafur Vigfússon	199	70,9%	20,3%
Melabúðin ehf.	Stórmarkaðir og matvöruverslanir	Pétur Alan Guðmundsson	293	39,5%	40,9%
Grant Thornton endurskoðun ehf.	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Theodór Siemsen Sigurbergsson	550	40,2%	53,5%
Rafeyri ehf.	Raflagnir	Kristinn Hreinsson	922	42,9%	25,5%
Kælismiðjan Frost ehf.	Framleiðsla á kæli- og loftræstibúnaði, þó ekki til heimilisnota	Guðmundur H Hannesson	1.282	71,4%	14,5%
Já hf.	Önnur ótalin starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu	Vilborg Helga Harðardóttir	876	64,4%	13,0%
Jónar Transport hf.	Þjónustustarfsemi tengd flutningum á sjó og vatni	Kristján Pálsson	1.092	35,4%	60,8%
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.	Framleiðsla húsdýrafóðurs	Gunnþór Björn Ingvason	1.838	35,9%	6,4%
Málning hf	Framleiðsla á málningu, lökkum og svipuðum þekjuefnum, prentbleki og fylli- og þéttiefnum	Baldvin Valdimarsson	1.792	80,0%	12,5%
Netorka hf.	Önnur þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni	Torfi Helgi Leifsson	188	73,8%	12,5%
Steinbock-þjónustan ehf.	Viðgerðir á öðrum hlutum til einka- og heimilisnota	Gísli Viðar Guðlaugsson	1.331	80,3%	27,4%
Barki ehf	Framleiðsla á öðrum gúmmivörum	Kristinn Valdemarsson	1.156	91,2%	11,4%
Danfoss hf.	Heildverslun með aðrar ótaldar vélar og tæki	Jón Kjartan Kristinsson	350	47,4%	29,6%
Sensa ehf.	Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni	Valgerður Hrund Skúladóttir	1.794	52,6%	15,6%
Örninn Hjól ehf.	Smásala á íþrótt- og tómstundabúnaði í sérverslunum	Jón Pétur Jónsson	1.245	73,3%	16,9%

Fyrirtæki sem hafa alltaf verið framúrskarandi (framhald)

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Nafn	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eiginfjárhlutfall	Arðsemi eigin fjár
Rafvirki ehf	Raflagnir	Sigurður Svavarsson	298	87,1%	24,5%
Ólafur Gíslason og Co hf.	Blönduð heildverslun	Dagný Guðmundsdóttir	441	82,0%	11,5%
PFAFF hf.	Smásala á heimilistækjum í sérvslunum	Margrét Kaldal Kristmannsdóttir	447	83,8%	20,0%
GoPro ehf.	Önnur hugbúnaðarútgáfa	Ólafur Daðason	1.767	86,7%	3,7%
Danica sjávarafurðir ehf.	Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir	Jan Bernstorff Thomsen	1.714	80,3%	7,2%
Dekkjahöllin ehf.	Smásala á varahlutum og aukabúnaði í bíla	Kristdór Þór Gunnarsson	575	63,2%	40,0%
Ernst & Young ehf.	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Guðjón Norðfjörð	448	26,6%	68,0%
Viking Life-Saving Equipment á Íslandi ehf.	Heildverslun með aðrar ótaldar vélar og tæki	Einar Gylfi Haraldsson	273	67,9%	20,7%
Banar ehf.	Heildverslun með ávexti og grænmeti	Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir	2.264	41,7%	77,2%
Fossvélar ehf.	Malar-, sand- og leirnam	Jón Örn Ingileifsson	1.454	46,8%	46,8%
Brim hf.	Frysting fiskafurða, krabbadyra og lindýra	Guðmundur Kristjánsson	142.847	48,0%	17,5%
Trétak ehf.	Uppsetning innréttinga	Jóhann Ólafur Þórðarson	1.065	89,3%	23,6%
Inter ehf	Heildverslun með lyf og lækningavörur	Þorvaldur Sigurðsson	809	67,0%	13,3%
Össur hf.	Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	Sveinn Logi Sölvason	188.254	48,0%	6,8%
Sæplast Iceland ehf.	Framleiðsla á plastvörum til nota í sjávarútvegi	Arnar Már Snorrason	1.514	73,9%	4,1%
Globus hf.	Blönduð heildverslun	Börkur Árnason	1.386	52,5%	25,0%
Garðræktarfélag Reykhverfinga hf.	Ræktun á aldingrænmeti og papriku	Páll Ólafsson	355	77,1%	8,7%
Hitastýring hf	Viðgerðir á rafbúnaði	Helgi Sverrisson	208	76,7%	30,6%
Steinull hf.	Framleiðsla á öðrum ótöldum vörum úr málmlausum steinefnum	Stefán Logi Haraldsson	1.295	65,3%	30,9%
KPMG ehf.	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Hlynur Sigurðsson	2.247	32,2%	72,8%
Bjarmar ehf	Smásala á blómum, plöntum, fræjum og áburði í sérvslunum	Ingimar Magnússon	367	51,2%	11,4%
Héðinn Schindler lyftur ehf.	Önnur uppsetning í mannvirki	Arnþór Hinrik Valgarðsson	372	30,3%	17,9%
Icepharma hf.	Heildverslun með lyf og lækningavörur	Hörður Þórhallsson	4.018	57,5%	35,9%
Tandur hf.	Framleiðsla á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingeringar- og fægiefnum	Richard Kristinsson Dulaney	1.111	45,9%	45,3%
Efla hf.	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Sæmundur Sæmundsson	3.797	50,5%	44,5%
Axis-húsgögn ehf	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum í eldhús	Eyjólfur Eyjólfsson	462	59,7%	21,0%
Vistor ehf.	Heildverslun með lyf og lækningavörur	Þórður Arnar Þórðarson	5.390	41,5%	27,1%
Kjarnavörur hf.	Framleiðsla á smjörlíki og svipaðri feiti til manneldis	Guðjón Rúnarsson	1.606	55,0%	34,9%
TVG-Zimsen ehf.	Önnur þjónusta tengd flutningum	Elísa Dögg Björnsdóttir	1.954	56,2%	69,0%
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Brynjólfur Stefán Guðmundsson	230	68,6%	45,4%
Sigurður Ólafsson ehf.	Útgerð fiskiskipa	Ólafur Björn Þorbjörnsson	259	79,1%	38,1%
Ísfugl ehf.	Slátrun og vinnsla á alifuglakjöti	Jón Magnús Jónsson	929	47,5%	23,6%
Mörkin Lögmansstofa hf.	Lögfræðiþjónusta	Helena Erlingsdóttir	426	31,1%	95,0%
Hegas ehf.	Heildverslun með járnvöru, búnað til pípu- og hitalagna og hluti til þeirra	Axel Eyjólfsson	673	80,6%	16,3%
Kauphöll Íslands hf.	Stjórnun fjármálamarkaða	Magnús Harðarson	1.027	51,2%	37,2%
Vátryggingafélag Íslands hf.	Skaðatryggingar	Guðný Helga Herbertsdóttir	56.722	30,5%	5,4%
Trésmiðjan Rein ehf.	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Sigmar Stefánsson	674	60,0%	16,0%
Vinnuföt, heildverslun ehf	Heildverslun með fatnað og skófatnað	Árni Arnarson	367	57,2%	68,2%

Hversu oft hafa Framúrskarandi fyrirtæki verið á lista



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

búmen**n**

Öryggi Traust Hagkvæmni

Búmenn er framúrskarandi fyrirtæki þriðja árið í röð.

Búmenn er húsnæðissamvinnufélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni, með það að markmiði að auka jöfnuð og fjölbreytni í húsnæðismálum og tryggja félagsmönnum sínum ótímabundin afnot af íbúðum gegn kaupum á búseturétti í þeim og greiðslu búsetugjalds.

Ástæður fyrir brottfalli Framúrskarandi fyrirtækja af lista 2022–2023



Brottfall í þeirri röð sem skilyrði eru skoðuð

Skilyrði	Fjöldi sem fellur	Hlutfall	
Ársniðurstaða	51	41%	<div style="width: 41%; background-color: red;"></div>
Rekstrarhagnaður	4	3%	<div style="width: 3%; background-color: red;"></div>
Eiginfjárhlutfall	18	15%	<div style="width: 15%; background-color: red;"></div>
Eignir	16	13%	<div style="width: 13%; background-color: red;"></div>
Rekstrartekjur	2	2%	<div style="width: 2%; background-color: red;"></div>
Skiladagur	10	8%	<div style="width: 8%; background-color: red;"></div>
Lánshæfisflokkur	8	7%	<div style="width: 7%; background-color: red;"></div>
Framkvæmdastjóri	2	2%	<div style="width: 2%; background-color: red;"></div>
Sjálfbærni ekki svarað enn	12	10%	<div style="width: 10%; background-color: red;"></div>
Heild	123	100%	




Við erum stolt af að vera í hópi Framúrskarandi fyrirtækja árið 2023

Nordic
Office of
Architecture

Lykiltölur nokkurra veitingastaða


Velta rekstrarárið 2022




Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Ársniðurstaða rekstrarárin 2020-2022


KFC ehf.




Skólamatur ehf.




Lostæti-Austurlyst ehf.




Tokyo veitingar ehf.



Pakkhús – veitingar ehf.



Hamborgarafabrikan



Framúrskarandi fyrirtæki eftir ISAT-flokkum

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

ISAT-flokkur	Fjöldi	Meðalársniðurstaða	Meðalrekstrartekjur
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	9	3.230	15.500
Upplýsingar og fjarskipti	56	1.254	2.083
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	41	981	8.945
Fasteignaviðskipti	50	782	1.104
Framleiðsla	144	588	6.651
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	4	284	1.548
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	76	274	1.269
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	270	172	3.377
Flutningar og geymsla	27	147	1.737
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	163	138	908
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	66	132	1.093
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	5	103	784
Rekstur gististaða og veitingarekstur	15	98	1.012
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	35	97	1.252
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	10	75	1.278
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	23	68	500
Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi	5	67	312
Fræðslustarfsemi	7	36	395
Heild	1.006		

TÍMI TIL AÐ NJÓTA OSTA

Ostóber

GLEÐILEGAN OSTÓBER!

Besti tíminn til að gera vel við bragðlaukana er á íslenskum ostadögum í október. Leyfðu ímyndunaraflinu að ráða og prófaðu að para alls kyns meðlæti við fjölbreytta osta.

Fjölskyldustemningin undirstrikar starfsánægjuna

Örninn reiðhjólaverslun er ein elsta verslun landsins. Örninn var stofnaður árið 1925 og hefur einungis einu sinni skipt um eigendur, árið 1990.

Jón Þór Skaftason, sölustjóri hjá Erninum, segir ríkjandi fjölskyldustemningu vera á meðal starfsfólks Arnarins og að meðalstarfsaldur innan fyrirtækisins sé hár. Það segir Jón Þór vera til marks um að gott sé að starfa hjá Erninum.

„Hér stíga allir upp og ganga í takt þegar á þarf að halda,“ segir hann. „Við leggjum okkur fram við að halda í gott fólk í stað þess að missa það og þurfa að fara að þjálfá nýtt,“ segir Jón Þór og bætir við að reynsla og þekking starfsfólks sé ómetanleg í fyrirtækjarekstri.

„Líkt og önnur rótgróin fyrirtæki þá höldum við líka viðskiptavinum okkar til langs tíma með háu þjónustustigi sem einkennist af fagmennsku starfsfólks og vel stýrðum rekstri. Það að taka aukaskrefið skilar sér nær alltaf í viðskiptum og þjónustu við fólk og við leggjum ríka áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu fyrir og eftir kaup á vörum frá okkur.“

Vaxandi hjólaáhugi

Að sögn Jóns Þórs felst starfsemi Arnarins fyrst og fremst í sölu á smásöluvörum sem tengjast hjóleiðum á einn eða annan hátt. Hann segir hjólaáhuga fara vaxandi á meðal

Íslendinga samhliða aukinni vitundarvakningu almennings í umhverfis- og loftslagsmálum.

„Vistvænar samgöngur eru alltaf að verða vinsælli og aukin vitund hefur orðið í þeim málaflokki. Aðstæður hjóleiða hafa einnig verið að batna til muna síðustu ár,“ bendir hann á og segir rafhjól hafa selst vel undanfarið.

„Í hjólarekstrinum eins og annars staðar verða breytingar með tíð og tíma en sú breyting sem við höfum verið að sjá og upplifa hjá okkur er stóraukin sala á rafreiðhjólum,“ segir hann.

Jón Þór segir einnig að til þess að Erninum takist að anna eftirspurn eftir rafknúnum reiðhjólum og öðrum tækniframförum í heimi hjóleiðafólks, kalli það á innkaup á fjölbreyttara vöruúrvali og samhliða því geti lagerhaldið orðið flóknara.

„Þetta er mjög jákvæð þróun þrátt fyrir að ýmsar áskoranir fylgi. Reiðhjólamarkaðurinn er í góðu jafnvægi og sérstaklega eftir að rafreiðhjólin fóru að ryðja sér til rúms. Enda eru misjafnar árstíðir engin fyrirstaða lengur. Það er hægt að hjóla alla daga ársins, allan ársins hring sé viljinn fyrir hendi.“

Reksturinn færst í eðlilegt horf

Að sögn Jóns Þórs voru ár heimsfaraldursins sérstaklega jákvæð fyrir rekstur Arnarins. Í ár og á því síðasta hafi þó ákveðið jafnvægi verið að færast yfir og velta fyrirtækisins er tekin að



Jón Þór Skaftason, sölustjóri hjá Erninum, segir rafreiðhjólin hafa haft jákvæð áhrif á reiðhjólamarkaðinn hér á landi.

GGLAGNIR_{ehf}

PIPULAGNINGAÞJÓNUSTA

1988 - 35 ára - 2023



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023



Örninn

Jón Þór
Skaftason



Vistvænar samgöngur eru alltaf að verða vinsælli að sögn Jóns Þórs. Jafnframt hafa rafreiðhjól rokselst undanfarir.

samræmast árunum á undan covid-faraldrinum.

„Það var mikill uppgangur á þessum tíma. Sérstaklega í öllu sem tengist útivist og hreyfingu. Þetta var náttúrulega um nokkuð langt skeið sem lítið annað var hægt að gera. Við erum aðeins farin að sjá ölduna lægja núna og hlutirnir eru farnir að færast aftur í eðlilegt horf,“ segir hann.

Skynsemin fengið að ráða för

„Það sem hefur einkennt árangursríkan rekstur Arnarins í gegnum tíðina er skynsemi,“ segir Jón Þór spurður út í vottun Creditinfo á framúrskarandi fyrirtækjum.

„Við lítum fyrst á fremst á þessa vottun sem viðurkenningu á góðum og ábyrgum rekstri. Við höfum ávallt látið skynsemina ráða för og staðið fyrir ábyrgum rekstri.“

En hvernig hefur fyrirtækið náð að viðhalda ábyrgum rekstri í næstum 100 ár?

„Það hefur Erninum tekist að gera með því að fá álit sem flestra innan fyrirtækisins áður en stórar ákvarðanir eru teknar ásamt því að gæta hófs í ákvarðanatökum, fara ekki fram úr sér og ekki eyða umframfjármunum,“ útskýrir Jón Þór.

Breytingar fram undan

Hann segir framtíðarhorfur fyrirtækisins góðar en þær feli þó í sér breytingar sem eru á næsta leiti.

„Við höfum breytingar núna í seinnihluta nóvembermánaðar þar sem við komum til með að starfrækja allar þrjár verslanirnar okkar; Örninn, Örninn golfverslun og Fífu barnavöruverslun, í einu og sama verslunarrýminu í Faxafeni 8. Annað kemur ekki til með að breytast hjá okkur. Við munum halda áfram að bjóða viðskiptavinum upp á fyrsta flokks vörur, veita framúrskarandi þjónustu og sýna ábyrgð í rekstri.“ *asthildur@mbl.is*

Morgunblaðið/Styrmir Kári



Stéttafélagið
stettafelagid.is



Jarðvinna, veitulagnir, yfirborðsfrágangur, húsasmíði og snjómokstur



Síldarvinnslan

Gunnþór B.
Ingvason



Gunnþór Björn Ingvason forstjóri Síldarvinnslunnar segir mikil verðmæti liggja í sterkum mannaði sem Síldarvinnslan býr yfir.

Ljósmynd/Birgir Ísleifur Gunnarsson

Hagnýta tækninýjungar bæði á sjó og landi

Gunnþór B. Ingvason, forstjóri Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað, segir stríðs- og efnahagsástand í heiminum hafa víðtæk áhrif á markaðinn í sjávarútvegi. Segir hann Síldarvinnsluna hafa mætt töluverðum áskorunum síðustu misseri vegna heimsástandsins.


„Í gegnum tíðina hefur ástand markaða sveiflast en þeir markaðir sem við störfum á eru um allan heim þar sem fiskafurðir okkar fara víða. Stríðið í Úkraínu hefur haft mikil áhrif, hærri vextir, dýrari framfærsla, hærri orkukostnaður og margir aðrir áhrifspættir hafa haft sitt að segja fyrir okkur. Allt kemur þetta niður á neyslumynstri fólks og bitnar víða á fiskneyslu sem dregur úr eftirspurn þegar fólk leitar í ódýrara prótein,“ segir Gunnþór.

Í fararbroddi í fjárfestingum

Síldarvinnslan er rótgróð sjávarútvegsfyrirtæki sem stofnað var árið 1957 og heldur úti fjölbættri starfsemi vítt og breitt um allt land þó svo að höfuðstöðvarnar séu á Austurlandi. Störf innan fyrirtækisins eru af fjölbreyttum toga en drjúgur hluti starfsmannahóps Síldarvinnslunnar starfar á sjó eða í fiskvinnslu.

„Fyrirtækið leggur bæði áherslu á veiðar og vinnslu á uppsjávar- og botnfisktegundum og hefur reynt að vera í fararbroddi hvað snertir fjárfestingar á nýrri tækni. Síðustu ár hefur mikil samstaða ríkt innan fyrirtækisins um slíkar fjárfestingar,“ segir Gunnþór en bendir á að flest öflugustu sjávarútvegsfyrirtæki landsins séu nokkuð samstiga í að hagnýta þær tækninýjungar sem ryðja sér til rúms hverju sinni.

Gunnþór segir Síldarvinnsluna leggja allt kapp á að efla starfsemi sína með það fyrir augum að auka verðmætasköpun.



Gunnþór segir styrkleika Síldarvinnslunnar liggja í mannauðinum, hvort sem hann starfi á sjó eða á landi.

Ljósmynd/Smári Geirsson

„Síldarvinnslan vill tryggja að starfsemin sé í góðri sátt við umhverfið, starfsfólk, hluthafa og þau samfélög sem fyrirtækið starfar í. Við stefnum alltaf að einu markmiði og það er að efla starfsemina. Þrátt fyrir tímabundnar áskoranir sem ögra starfseminni þá sjáum við mikil tækifæri í náinni framtíð og til lengri tíma lítið. Sérstaklega með auknu samstarfi fyrirtækja þegar kemur að markaðsstarfi og aukinni sköpun á verðmætum,“ segir hann.

Síldarvinnslan hefur verið með jafnlaunavottun frá árinu 2018. Að sögn Gunnþórs

skiptir sú vottun miklu máli því hún sýni að stefnu Síldarvinnslunnar í jafnréttismálum hefur verið framfylgt með skilvirkum hætti.

„Framkvæmdar hafa verið óháðar jafnlaunauttektir til að tryggja að kynjum sé ekki mismunandi í launum. Síldarvinnslunni er mikið í mun að fyllsta jafnréttis sé gætt bæði hvað varðar laun og tækifæri innan fyrirtækisins. Jafnlaunavottunin staðfestir að jafnrétti til launa sé til staðar hjá Síldarvinnslunni og það er mjög ánægjulegt,“ útskýrir Gunnþór.

Mannauðurinn meginástæðan

Undanfarin ár hefur Síldarvinnslan einnig fengið þann gæðastimpil að vera á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo. Gunnþór þakkar mannauði Síldarvinnslunnar það og segir styrkleika fyrirtækisins alfarið liggja í mannauðinum.


„Meginástæðan er ugglaut sú að fyrirtækið hefur yfir að ráða framúrskarandi starfsfólki. Við höfum einsett okkur að halda uppi góðum starfsanda með því að leggja áherslu á gott og einlægt samband á milli starfsfólks og stjórnenda,“ segir hann.

„Hjá Síldarvinnslunni eru vinnustaðirnir margir og dreifðir, bæði á sjó og landi. Á vinnustöðunum er rík áhersla lögð á að gagnkvæmt traust ríki á milli starfsfólks og stjórnenda og að tekið sé á öllum málum með sanngirni,“ lýsir Gunnþór og bendir á að starfsstöðvar Síldarvinnslunnar séu iðulega starfræktar í litlum samfélögum þar sem sterk félagsleg tengsl og mikil nánd sé ríkjandi.

„Vinnuálag okkar starfsfólks er breytilegt eftir starfsemi en oft er mikið álag á okkar fólk. Til að mæta því og halda uppi vinnustaðamenningu til eftirbreytni stendur fyrirtækið reglulega fyrir námskeiðum sem starfsfólk er hvatt til að hagnýta sér. Má til dæmis nefna námskeið um næringu, svefn og hreyfingu. Svo eru líka reglulega farnar starfsmannaferðir erlendis, öllum til ánægju og yndisauka,“ segir hann og telur slíkar ferðir efla liðsheild Síldarvinnslunnar.

„Á hverjum degi fylgja ný tækifæri fyrir starfsemi Síldarvinnslunnar sem ekki væri hægt að nýta nema með óbilandi dugnaði okkar starfsfólks,“ segir Gunnþór að lokum. asthildur@mbl.is

Framúrskarandi Þjónusta Ráðgjöf Lausnir Fólk




Hjá Deloitte starfa 280 einstaklingar á 10 starfsstöðvum víðsvegar um landið. Við erum eins ólík og við erum mörg en saman vinnum við að því að hafa þýðingarmikil áhrif á hvert annað, viðskiptavinum okkar og samfélag.

Deloitte.



100% RAFMAGNSBÍLL TOYOTA bZ4X



Verð frá: 7.350.000 kr.

KINTO Langtímaleiga. Verð frá: 166.000 kr.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækini skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota-bílum.